



# VR

# blaðið

1. tbl. 25. árg. - Febrúar 2003 - Upplag: 21.500

Vinnustreita

Orlofshús um páska

Tölvupóstur

Ávísun á gott frí

EITT MARGRA NÁMSKEIÐA Á VEGUM VR:

# Konur til forystu

**Útgefandi:** Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,  
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717  
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

**Ábyrgðarmaður:** Gunnar Páll Pálsson

**Ritstjóri:** Anna Björg Siggeirsdóttir

**Útlit:** Ólafur Gaukur

**Forsíðumynd:** Gunnar Kr. Hilmarsson

**Umbrot og prentvinnsla:** Prentmet ehf.

**Starfsfólk á skrifstofu:**

Gunnar Páll Pálsson formaður, Sigurlaug Hilmarsson, forstöðumaður rekstrarsviðs, Elías Magnússon, forstöðumaður þjónustusviðs, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, forstöðumaður tengslasviðs, Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður samskipta- og þróunarsviðs, Alda Sigurðardóttir, Andrijes Guðmundsson, Anna Björg Siggeirsdóttir, Auður Búadóttir, Árni Leósson, Ásta Sveinsdóttir, Ástríður Valbjörnsdóttir, Bertha Biering, Björn Halldór Björnsson, Dóra Björk Scott, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Nielsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlökkversdóttir, Gunnar Kristinn Hilmarsson, Hafsteinn J. Hannesson, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Heiða Björg Tómasdóttir, Júnía Þorkelsdóttir, Laufey Eydal, Magnús L. Sveinsson, Málfríður Þorkelsdóttir, Ragnhildur A. Þorgeirsdóttir, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jósepson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Svava Gísladóttir, Sigrún Esther Guðmundsdóttir, Sigrún Viktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

**Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:**

Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefanía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson, Valdís Haraldsdóttir.

Varamenn: Ingvaldur Sigurðardóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson.

**Stjórn Orlofsjóðs VR:**

Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Reynir Jósepson, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir og Sigurður Sigfússon.

**Stjórn Sjúkrasjóðs VR:**

Gunnar Páll Pálsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefanía Magnúsdóttir.

**Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:**

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sigurður Sigfússon.



Ljósm.: Ragnar Th. Sigurðsson

# Atvinnuleysi eykst enn

Heldur hefur sigið á ógæfuhliðina í atvinnumálum þjóðarinnar frá árinu 2001. Fjöldi félagsmanna VR á atvinnuleysisbótum tvöfaldaðist milli árána 2001 og 2002 og náði hápunkti í júlí á síðasta ári þegar 1.051 félagsmenn voru á atvinnuleysisbótum. Heldur dró úr atvinnuleysi VR félaga á seinni helmingi ársins en nú í febrúar má búast við atvinnuleysið verði enn meira. Ástand í atvinnumálum hefur því ekki verið jafn slæmt síðan 1998 og er nú mál að linni. Þó svo að fyrirhugaðar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir muni hafa veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf þá mun þeirra ekki gæta að fullum þunga fyrr en að tveimur árum liðnum. Atvinnuleysi til lengri tíma er mannlegur harmleikur fyrir hvern þann sem í því lendir. Við verslunarmenn krefjumst þess að þegar verði gripið til ráðstafana til að auka hraða atvinnulífsins. Við gerum kröfu á opinbera aðila um að flyta mannaflsfrækum framkvæmdum sem mögulegt er að ljúka á næstu 18 mánuðum, auk þess að vextir verði lækkaðir og reynt verði að sporna við frekari styrkingu krónunnar.

Almannatryggingakerfið hér á landi er ekki rausnarlegt eins og sjá má á atvinnuleysisbótunum sem eru orðnar mun lægri en lágmarkslaun í landinu. Við í verkalýðshreyfingunni höfum í gegnum tíðina ítrekað gripið til ráðstafana vegna lágra bóta almannatrygginga. Við höfum stofnað lífeyrissjóði og lagt þar fjármuni til hliðar til að tryggja afkomu efri ára. Við höfum stofnað sjúkrasjóði til að greiða sjúkra- og slysdagpeninga þegar við töpum starfsorkunni. Allt er þetta gert í ljósi mjög svo lágra dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins. Við í VR brutum síðan eftirminnilega blað með því að hefja greiðslu fæðingarorlofsdagpeninga sem varð án efa til þess að hraða því að fólk á almenna vinnumarkaðinum fékk hækkun á greiðslum í fæðingarorlofi. Nú er komið að því að setja hækkun atvinnuleysisbóta á dagskrá. Viljum við í VR að atvinnulausir félagar okkar líði fyrir tafir á því sjálfsagða réttlætismáli að hækka atvinnuleysisbæturnar? Eða eigum við að ríða enn einu sinni á vaðið og greiða viðbót á atvinnuleysisbætur úr eigin sjóðum eins og gert var vegna fæðingarorlofsins? gpp



Ljósmaður: Erling  
Gunnar Páll Pálsson og Magnús L. Sveinsson.

# Hvað gerðist árið 2002?

## JANÚAR

Sú nýbreytni varð í orlofsmálum félagsins að félagsmönnum stóð til boða að sækja um dvöl í **orlofshúsum á Spáni**. Um var að ræða 5 hús í nágrenni bæjarins Torrevieja á Costa Blanca.

## FEBRÚAR

Helstu niðurstöður í **launakönnun** 2001 voru birtar í febrúar. Þar kom í ljós að heildarlaun hækkuðu um 8% milli ára og hækkuðu lægstu launin mest. Karlar voru að meðaltali með 24,5% hærri laun en konur. Vinnuvikan stýttist um rúmlega 1% milli ára. VR lét Hagfræðistofnun HÍ gera **skýrslu um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla** á einstaklinga og samfélagið. Niðurstöður sýndu að stytting á þessum skólastigum myndi auka þjófvarnarmál verulega. Um 100 manns sátu **Kjarabing VR** þann 7. febrúar. Til umfjöllunar voru niðurstöður launakönnunar 2001 og skýrslan um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla.

## MARS

**Aðalfundur** var haldinn 25. mars, þar var Gunnar Páll Pálsson kjörinn formaður og Magnús L. Sveinsson lét af formennsku eftir 42 ára starf hjá félaginu. Elín Elíasdóttir hætti einnig í stjórn eftir 19 ára setu. Auk þess voru gerðar viðamiklar breytingar á lögum félagsins.

## APRÍL

**Orlofsávísun** að upphæð kr. 5000 var í fyrsta sinn send til félagsmanna í apríl en samið hafði verið við 5 ferðaþjónustuaðila um samstarf. Ávísunin gildi sem afsláttur upp í þjónustu þessara aðila. **Úthlutun orlofshúsa** fyrir sumarið fór fram í apríl og sóttu 2.119 manns um



sumardvöl í orlofshúsum VR. Í apríl var ákveðið að fara í markvissa **stefnumótun** fyrir VR.

## MAÍ

VR og VH sömdu í maí um **aukið valfrelsi** félagsmanna um félagsaðild. **23. þing LÍV** var haldið á Akureyri í byrjun maí þar sem samþykktar voru umfangsmiklar breytingar á skipulagi sambandsins. Að venju var félagsmönnum boðið til kaffisamsætis á Hótel Íslandi eftir kröfugönguna **1. maí**, þangað komu um 1.290 manns. Á uppstigningardag, þann 9. maí, var haldið **hóf fyrir eldri félagsmenn** á Hótel Íslandi, þangað komu um 640 manns, hlýddu á skemmtidagskrá og þáðu veitingar. Samkomulag var gert við FÍS um endurskoðun kjarasamnings frá 2000. Í ljós kom í maí að rauðu strikin margumtöluðu stóðust og því kom ekki til uppsagnar kjarasamninga.

## JÚNÍ

Niðurstöður könnunarinnar um **fyrirtæki ársins** voru kynntar í byrjun maí. Í flokki stærri fyrirtækja varð Háskólinn í Reykjavík hlutskarpastur en Tandur hf. í flokki minni fyrirtækja. **Norræna höfuðborgaráðstefnan** var haldin 9-12. júní í Osló, þangað fóru 6 fulltrúar úr stjórn félagsins. Sumarið 2002 var í fyrsta sinn hægt að **leigja sumarhús í 1-2 daga** í senn og gildi þá reglan fyrstur kemur, fyrstur fær. Magnús L. Sveinsson var í júní **kjörinn heiðursfélagi** VR, þau Elín Elíasdóttir fyrrverandi stjórnarmaður voru auk þess **sæmd gullmerki** félagsins.

## JÚLÍ

VR óskaði í júlí eftir **viðræðum um kjarasamning blaðbera**.

## ÁGÚST

Haldið var í fyrsta sinn **golfmót** á vegum félagsins þann 1. ágúst í Grafarholti og tókst vel til þrátt fyrir rigningu. **Friðagur verslunarmanna** var að venju haldinn hátíðlegur í Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn þar sem rúmlega 9 þúsund gestir skemmtu sér með ágætum.

## SEPTEMBER

**Þjónustuver VR** opnað á Akranesi og í Reykjavík. VR tók þátt í **viku símenntunar** í byrjun september. Þá hófst einnig auglýsingherferð í sjónvarpi og dagblöðum um **launaviðtalið**. 30 fundir voru haldnir með félagsmönnum undir yfirskriftinni **Ráðgjafanefnd félagsmanna** í þeim tilgangi að stjórnl félagsins geri sér betur grein fyrir óskum og þörfum félagsmanna hverju sinni og bregðist hraðar við þeim.

## OKTÓBER

**LÍV** flutti á skrifstofu VR. **Ársfundur ASÍ** var haldinn 31. október – 1. nóvember, á fimmta tug fulltrúa VR sátu fundinn. Þar var m.a. fjallað um velferðarkerfið og Evrópumálin.

## NÓVEMBER

Lokaverkefnastyrkur VR var veittur nóvember, styrkinn hlaut Sverrir Jónsson nemi í hagfræði og atvinnulífsfélagsfræði.

## DESEMBER

Stjórn VR mótmælti opinberlega áformum Reykjavíkurborgar um að **loka leikskólum** borgarinnar í einn mánuð næsta sumar. Ákveðið var að endurvekjja hið hefðbundna **jólaball VR** sem ekki hefur verið haldið í nokkur ár og um 500 manns mættu og skemmtu sér með ágætum.

## Tæki í baráttunni til bættra lífshkjara

Nú stendur fyrir dyrum útsending á hinum árlegu könnunum VR um fyrirtæki ársins og launakönnun 2003. Að þessu sinni verða báðar kannanirnar sendar út saman. Þó ber að taka fram að þetta eru áfram tvær kannanir og verða niðurstöður þeirra kynntar sitt í hvoru lagi.

Stefnt er að því að niðurstöður úr fyrirtæki ársins verði kynntar í maí en niðurstöður launakönnunar bíði fram á haustið. Nokkrar spurningar í launakönnun fjalla um launaviðtalið og niðurstöður úr þeim ættu að gefa góðar vísbendingar um fjölda þeirra sem fá slíkt viðtal og hvað það hefur að segja í baráttunni fyrir bættem kjörum.

VR vill taka fram að gögnum þessum er hvorki skilað undir nafni einstaklinga, né fara þau um skrifstofu VR heldur berast beint til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem síðan sér um úrvinnslu gagnanna. Þau svör sem

berast inn á [www.vr.is](http://www.vr.is) eru einnig sendar beint til Félagsvísindastofnunar. Félagið ábyrgist að upplýsingar þessar fari ekki um hendur annarra aðila.

Segja má að stéttarfélög standi frammi fyrir miklum vanda því þau sitja að gríðarmiklum upplýsingum um félagsmenn sína. VR leggur metnað sinn í að fara að öllu leyti eftir lögum og reglum um upplýsingar og er nú á þessum tímamarki að endurskoða reglur sínar með tilliti til reglna Persónuverndar. Við biðjum því ykkur, ágætu félagsmenn VR, að sýna félaginu traust og hvetjum ykkur

til að taka þátt í könnunum sem eru svo sannarlega tæki í baráttunni til bættra lífshkjara.

### Nokkrar gildar ástæður til svara


- Niðurstöður í könnuninni um fyrirtæki ársins:
  - Gefa til kynna hvers konar fyrirtæki þú starfar hjá, í samanburði við önnur fyrirtæki.
  - Er tæki fyrir forsvarsmenn fyrirtækja til að finna út hvar skóinn kreppir, og fá þar með tækifæri til að gera betur.
  - Geta sagt þér eitthvað um hin ýmsu fyrirtæki sértu að leita þér að vinnu.
- Niðurstöður launakönnunar:
  - Gefa til kynna þau laun sem raunverulega er verið er að greiða fólki á vinnumarkaði.
  - Koma þér til hjálpar í starfs- og launaviðtali, þar sem þú getur sýnt fram á hvað verið er að greiða fyrir sambærileg störf og þú stundar.
  - Gefa til kynna launabreytingar á milli ára í prósentum.
  - Sýna launamismun milli kynja.
- Kannanirnar báðar eru tæki sem aðstoða VR við að fylgjast vel með breytingum á vinnu- markaði og átta sig á hvort félagið er á réttri leið í baráttunni fyrir bættem lífshkjörum félagsmanna sinna, hvort heldur um ræðir laun, almenn kjör eða vellíðan á vinnustað.

## Öll fyrirtæki geta orðið fyrirtæki ársins



**Undanfarin ár** hefur VR staðið fyrir viðhorfskönnun meðal félagsmanna sinna undir yfirskriftinni fyrirtæki ársins. Könnunin sem hefur náð til á fimmta hundrað fyrirtækja er nú opin öllum til þátttöku, óháð stéttarfélagasáðild starfsmanna.

**Fyrirtæki ársins** mælir viðhorf starfsfólks til vinnustaðar síns og starfsánægju. Með þátttöku fá fyrirtæki mjög traustan mælikvarða á styrkleika sína og veikleika og hagnýtt tæki til mótunar markvissrar og árangursríkrar starfsmannastefnu. Könnunin sýnir einnig hvar fyrirtæki standa í samanburði við önnur.



## Hugað að kjarasamningum og almennri stefnumótun

VR hófst handa um undirbúning væntanlegra kjarasamninga á nýársfundum með stjórn, trúnaðarráði og trúnaðarmönnum á vinnustöðum, alls um 160 manns, á Grand Hótel í Reykjavík þann 9. janúar. Einnig voru kynntar þar hugmyndir að nýrri markmiðssetningu og skipulagi félagsstarfsins. Þar er gert ráð fyrir að VR verði á næstu árum í fararbroddi í eflingu lífsgæða launþega á landinu. Félagið marki sér þá stefnu að stuðla að auknum réttindum og lífsgæðum á vinnumarkaði og efla fjárhagslegt sjálfstæði félagsmanna. Hlutverk VR verði að nýta styrk félagslegrar samstöðu til að efla einstaklinginn og sýna félagsmönnum umhyggju og stuðning með öflugum sjóðum og aukningu kaupmáttar. Stefnumótunarvinnunni verður haldið áfram á næstu vikum í samráði við félagsmenn.

### Kröfugerð í undirbúningi

Á nýársfundinum var lítið yfir árangur síðustu kjarasamninga og

horft til markmiða í komandi kjaraviðræðum. Kjarasamningar félagsins renna út í febrúar og mars 2004. Í febrúar mun VR gangast fyrir launakönnun meðal félagsmanna og verður byggt á niðurstöðum við mótun endanlegrar kröfugerðar félagsins. Við undirbúning kröfugerðar verður einnig farið á markvissan hátt yfir reynsluna af einstökum atriðum í kjarasamningi VR við Samtök atvinnulífsins frá 14. maí 2000. Þá hyggst VR leita upplýsinga og aflagagna um helstu atriði kjarasamninga verslunarmanna á Norðurlöndum, víðar í Evrópu og Bandaríkjunum við undirbúning kröfugerðarinnar.

### Áfram á sömu braut

Í heildarviðræðum á almennum vinnumarkaði allt frá 1995 hefur stefnumótun VR jafnan orðið grundvöllur sammingsniðurstöðu og skapað skilyrði fyrir þeirri umtalsverðu kaupmáttaraukningu og þeim efnahagslega stöðugleika sem einkennt hefur íslenskt efna-

hagslíf undanfarin ár. Á nýársfundinum kom fram eindreginn vilji til að félagið vinni áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Jafnframt verði staðinn vörður um hagsmuni þeirra félagsmanna, sem fær laun samkvæmt lágmarkstöxtum, og fest í sessi ákvæði gildandi kjarasamnings um starfsmenntasjóði. Einnig mun VR taka þátt í því á vettvangi ASÍ að leita leiða í baráttunni gegn atvinnuleysi og fátækt í samfélaginu.

### Stefnt að 30% kaupmáttaraukningu næstu 10 ár

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, gerði á nýársfundinum grein fyrir þeim hugmyndum, sem eru þáttur í ofangreindri stefnumótun félagsins, að VR setji sér það markmið í kjaramálu til næstu tíu ára að kaupmáttur félagsmanna aukist um 30%. Kaupmáttaraukning komi fram í hærri launum, auknu jafnrétti kynjanna, auknum sveigjanleika á vinnumarkaði, hærri lífeyri og áherslu á hækkingu lægstu launataxta. Kaupmáttur meðaltekna félagsmanna aukist um 15-20% á tímabilinu, eða um 1,5-2% á ári hverju.

### Tillaga uppstillinganefndar samþykkt

Á nýársfundi var einnig kynnt og samþykkt samþykkt einróma tillaga uppstillinganefndar VR um kjör forystu félagsins til næstu tveggja ára. Samkvæmt lögum félagsins er helmingur stjórnar



Gylfi Dalman Aðalsteinsson, lektor í HÍ, flutti erindi um tilvist og tilgang stéttarféлага.

kosin árlega til tveggja ára í senn. Á síðasta ári var Gunnar Páll Pálsson kjörinn formaður til tveggja ára. Í stjórn nú voru kjörin: Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Kol-

beinn Sigurjónsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Gunnar Böðvarson, Bjarn-dís Lárusdóttir og Valur Magnús Valtýsson.



Frá nýársfundum.



Fundarmenn voru úr hópi stjórnarmanna, trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum.



Gunnar Páll Pálsson býður gesti velkomna.

Vinnustreita er almennt vaxandi í Evrópu og talið er að um fjórðungur launþega í Evrópu eigi við vandamál að etja sem tengjast vinnustreitu. Þá segjast 27% íslenskra starfsmanna búa við vinnustreitu og 42% segjast hafa of mikið að gera í vinnunni.



Ljós.: Gunnar Kr.

# VINNUSTREITA

## Vaxandi vandamál á vinnumarkaði

Evrópusamvinnan og hagsmunir launafólks var meðal umfjöllunarefna á ársfundi ASÍ sl. haust og á ráðstefnu sem ASÍ stóð fyrir í september og ekki að ástæðulausu. Ljóst er að margvíslegar ákvarðanir eru teknar á vettvangi Evrópusambandsins sem hafa bein áhrif á kjör og réttindi almennings á Íslandi. EES samningurinn hefur því fært íslensku launafólki ýmislegt sem er óvíst að það hefði öðlast án samningsins. Má þar nefna lög um hámarks vinnutíma, 11 klst. hvíld milli vinnudaga, hópuppsagnir, eigendaskipti að fyrirtækjum, fæðingarorlof, foreldraorlof og fleira. Ljóst er því að stéttarfélög undir forystu ASÍ eiga að taka virkan þátt í Evrópusamvinnunni til að íslenskt launafólk njóti áfram ávinninganna af sameiginlegri baráttu.

### Sjúkdómar sem tengjast vinnustreitu önnur helsta orsök fjarvista frá vinnu

Meðal vinnuverndarmála sem nú eru til umfjöllunar á Evrópuvísu eru **varnir gegn vinnustreitu**. Ástæður þess eru að rannsókn frá árinu 2000 leiðdi í ljós að rúmlega um fjórðungur launþega í Evrópu á við vandamál að etja sem tengjast vinnustreitu og að konur verða frekar fyrir barðinu á

streitunni en karlar. Allar rannsóknir sem gerðar hafa verið leiða í ljós að streita fer vaxandi á vinnumarkaði og er nú næst algengasta vinnutengda heilsufarsvandamálið í Evrópu og kemur næst á eftir bakverkjum. Nýleg rannsókn, unnin af Gallup, í samvinnu við Vinnueftirlitið sýnir að 27% íslenskra starfsmanna segjast búa við vinnustreitu og 42% segjast hafa of mikið að gera í vinnunni. Ekki dugir annað en að búast til varnar og spyrna við þróuninni. En hvernig getum við forðast eða tekið á þessu vandamáli? Við skulum líta á nokkrar hliðar málsins; hvernig er hægt að greina vandamálið, hverjar eru afleiðingar þess og hvað er til ráða.

### Er streita á þínum vinnustað?

Hér á eftir koma nokkrir þættir sem gott er að átta sig á til að meta ástandið.

- Hvernig er samskiptum starfsmanna háttað? eru þau opin og jákvæð, og ríkir gagnkvæm virðing meðal starfsmanna. Er tekið tillit til skoðana starfsmanna? Hvernig eru samskipti starfsmanna og yfirmanna?
- eru gerðar of miklar/litlar kröfur til starfsmanna? Fá starfsmenn stuðning ef vinnan ef of erfið?
- eru starfsmenn hæfir til að gegna þeim störfum sem þeir

**Allar rannsóknir sem gerðar hafa verið leiða í ljós að streita fer vaxandi á vinnumarkaði og er nú næst algengasta vinnutengda heilsufarsvandamálið í Evrópu og kemur næst á eftir bakverkjum.**

eru ráðnir til? eru aðstæður á vinnustað þannig að starfsmönnum sé gert kleift að sinna því sem ætlast er til af þeim?

- Mikilvægt er að starfsmenn geti notað hæfileika sína eins og kostur er og fái möguleika til starfsþróunar. Þar kemur til endur- og símenntun.
- Hvernig eru breytingar er varða starfsmenn kynntar?
- eru hlutverk á vinnustað skýr eða líkleg til að valda árekstrum milli starfsmanna. Eða stangast verkefni á sem sami starfsmaður hefur með höndum?
- Er reynt að koma til móts við þá staðreynd að starfsmenn eru ekki allir eins og geta haft mismunandi getu, þarfir og langanir?
- Viðgengst ofbeldi, áreitni, einelti eða hótanir á vinnustaðnum?

### Hver er rót vandans?

Rót vandans má rekja m.a. til innihalds starfsins, vinnuskiptulagsins eða vinnuumhverfisins í viðtökum skilningi. Vinnutengd streita einkennist af eirðarleysi, vansæld og tilfinningu fyrir því að ráða ekki við aðstæðurnar. Tilgangur vinnuverndar er ekki aðeins sá að koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma og slys heldur einnig að auka vellíðan á vinnustað. Andleg vanlíðan starfsmanna getur orðið atvinnurekendum dýrkeypt. Andlegri vanlíðan fylgja gjarnan verkir í höfði, maga og stoðkerfi, hún getur rænt fólk svefni og valdið kvíða og þunglyndi. Afköst verða léleg, fjarvistir vegna veikinda aukast o.s.frv. Vinnutengdrar streitu gætir ekki síst í einhæfum störfum, störfum þar sem sjálfræði er lítið, fólk ræður ekki við verkefni, skipulag starfa er óljóst og þar sem vinnu-

andinn er slæmur. Til að koma í veg fyrir vinnustreitu væri því gagnlegt að skilgreina áhættuþætti í umhverfinu, áhættuhópa innan fyrirtækja og vinna stöðugt að forvörnum.

### Nokkrar vísbendingar um að vinnustreita sé til staðar:

Miklar fjarvistir, mikil starfsmannavelta, óstundvísi, hegðunarsvandamál, gróf samskipti, einangrun eða útilokun tiltekinna starfsmanna.

Minnkandi gæði framleiðslu eða þjónustu, endurtekin vinnuslys og mistök.

Mikil neysla tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna, ofbeldi, áreitni, einelti og hótanir.

Svefnvandamál, kvíði og þunglyndi, skortur á einbeitingu, þirringur, kulnun.

Bakvandamál, hjarta- og æðasjúkdómar, meltingarvandamál, magasár, háþrýstingur og lágt mótstöðuafli.

*Byggt á samantekt Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur sem unnin er upp úr rannsóknargögnum Vinnueftirlitsins og grein Hólmfríðar K. Gunnarsdóttur „Að ná taki á tímanum“.*

Guðmundur B. Ólafsson lögrfr.

# Þörf áminning til atvinnurekenda

Á undanförunum árum hefur orðið háværari sú skoðun að vinnuveitendur eigi rétt til að skoða tölvupóst starfsmanna sinna einkum á þeim rökum að tölvubúnaðurinn sé eign þeirra. Samtök atvinnurekenda hafa tekið undir þetta sjónarmið og haldið því fram

að vinnuveitendur ættu fullan rétt á að skoða tölvupóst starfsmanna sinna.

Þessum sjónarmiðum hefur verið harðlega mótmælt af hálfu fulltrúa launþega og því haldið fram að notkun á tölvupósti sé einkamál hvers starfsmanns fyrir sig svo framalega notkun hans varði ekki við lög.

Úrskurður Persónuverndar

snerist um þennan ágreining. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að skoðun tölvupósts starfsmanns væri vinnsla í skilningi laga um persónuvernd, og að vinnslan væri brot á ákvæðum 7. gr. laga um persónuvernd. Vinnslan og meðferð póstsins hafi verið ólögmat. Einkum er vísað til þess að við skoðun hafi vinnuveitanda mátt strax vera ljóst að um einkabréf væri að ræða.

Í rökstuðningi er vísað til friðhelgi einkalífs sbr. ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála

Evrópu sem starfsmaður nýtur jafnt á vinnustað sem heima hjá sér. Réttur starfsmanna er mjög ríkur á grundvelli þessara ákvæða og því hafnað að ákvæði í ráðningarsamningum um að öll gögn teljist eign fyrirtækja veiti vinnuveitanda betri rétt. Einnig er því hafnað á sömu rökum að póstur þurfi að vera sérgreindur sem einkapóstur til að njóta verndar. Þessi niðurstaða er mjög athyglisverð og gefur sterka vísbendingu um hve mikið þurfi til ef vijkja eigi frá rétti starfsmanna.

Sú ályktun verður dregin af niðurstöðu Persónuverndar að vinnuveitendum er óheimilt að skoða tölvupóst starfsmanna nema að um mjög ríkar ástæður sé að ræða eins og grunur um refsiverða háttsemi.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur fagnar álit Persónuverndar og telur það eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur varðandi notkun tölvupósts í fyrirtækjum. Jafnframt hvetur félagið fyrirtæki til að setja sér skýrar reglur um tölvupóstnotkun starfsmanna.

## PERSÓNUVERND GEFUR ÁLIT VEGNA SKOÐUNAR Á TÖLVUPÓSTI

# Vinnuveitanda óheimilt að skoða tölvupóst starfsmanna

Persónuvernd hefur komist að þeirri niðurstöðu að vinnuveitanda hafi verið óheimilt að skoða tölvupóst starfsmanns síns og þar með brotið gegn 7. gr. laga um persónuvernd.

Málavextir eru þeir að starfsmaðurinn K sagði upp störfum í fyrirtæki sem við nefnum R og stuttu síðar var ekki óskað eftir starfskröftum hans í uppsagnarfresti en tekið fram að laun yrðu greidd út uppsagnarfrest. Nokkrum síðar tilkynnir R að hann muni ekki standa við fyrirheit um greiðslu launa vegna þess að hann hafi komist að því að K hafi verið í miklum tölvupóst-samskiptum við fyrrum samstarfsmann R sem væri nú í samkeppni við R. Með því hafi K brotið trúnað við R.

### Höfðað mál


K höfðaði mál til innheimtu launa í uppsagnarfresti, R krafðist sýknu og lagði fram 158 tölvupóstskæpti sem sýndu mikli samskipti K við samkeppnisaðila sem fæli í sér trúnaðarbrot. Meðal þessara skeyta var bréf til

Verzlunarmannafélags Reykjavíkur þar sem K var að leita aðstoðar vegna starfslokanna.

K hélt því fram að hér væri um persónuleg samskipti við vinkonu sína að ræða en þær hafi orðið vinkonur er þær störfuðu saman hjá R. Hún mótmælti að um trúnaðarbrot væri að ræða enda ekkert í skeytum þessum sem væri þess eðlis. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að K hafi ekki brotið trúnað gagnvart R og dæmdi R til að greiða K laun í uppsagnarfresti. Jafnframt átalði dómurinn framlagningu R á tölvupóstskæptum þar sem R hafi einungis getað bent á 5 skeyti sem að hans eigin mati væru trúnaðarbrot en annað snerist um persónuleg málefni bréfrítara. Framlagningin á tölvupóstskæptunum hafi því verið tilefnislaus.

### Engar reglur í gildi

Lögmaður VR ritaði Persónuvernd bréf og krafðist þess að Persónuvernd úrskurðaði hvort skoðun, útprentun og framlagning á tölvupósti K væri brot á 7. gr. um persónuvernd og krafðist jafnframt að beitt yrði refsiakvæðum ef um brot væri að ræða. Í rökstuðningi sínum benti lögmaður VR á að engar reglur



Ljós.: Gunnar Kr.

hefðu gilt hjá R um notkun tölvupósts. R hafi verið fullkunnugt um notkun á tölvupósti og umfang þess hjá K rúnum mánuði áður en hann neitaði að greiða laun á þeirri forsendu, en hann hafi aldrei gert athugasemdir við K. Með skoðun á tölvupósti hafi R gert brotlegur við 7. gr. laga um persónuvernd. Ef vinnuveitandi telji sig þurfa að skoða tölvupóst starfsmanna þá þurfi að leggja fyrir skýrar reglur og í þeim komi fram hverjir geti tekið ákvörðun um skoðun og hvernig skoðun fari fram til að tryggja að ekki sé um geðþottaákvæðanir að ræða. Skoðun geti einungis farið fram ef um málefni tilgang er að ræða.

Lögmaður R hélt því fram að vinnuveitanda væri heimilt að skoða tölvupóst starfsmanna þar sem tölvurnar væru eign fyrirtækisins og því ekki ástæða til að setja reglur um skoðun. Einnig hafi K mátt vera ljóst að allir starfsmenn hafi haft aðgang að lykilorðum annarra starfsmanna og því getað skoðað allan tölvupóst. R hafi ekki verið kunnugt um notkun K, auk þess sem sendingar hafi verið til samkeppnisaðila og því hafi R verið heimilt að skoða póstin. Jafnframt benti hann á að í ráðningarsamningi

kæmi fram að öll gögn væru eign fyrirtækisins og R hefði ótvíræðan rétt til að skoða allan tölvupóst starfsmanna.

### Niðurstaða

Í niðurstöðu Persónuverndar segir að persónulegar upplýsingar séu sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða. Af umræddum tölvupóstskæptum mátti glöggst ráða hvaða einstaklingar áttu hlut að máli. Hverjum þeim sem opnaði skeytin mátti vera ljóst að um einkapóst væri að ræða og því um persónulegar upplýsingar í skilningi laga um persónuvernd. Ekki var talið skipta neinu máli hvort K hafi sérstaklega merkt skeytin sem einkagögn eða ekki eða að hún héldi þeim aðgreindum frá öðrum gögnum eða hvort að til aðgangs að þeim þyrfti sérstakt lykilorð eða ekki. Síðan segir í áliti Persónuverndar: „Með vísun til framangreinds telst sú aðgerð R að skoða tölvupóstssamskipti K við Á og nota þau í dómsmáli, hafa verið vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga“.

Um þann þátt hvort vinnsla

hafi verið í samræmi við 7. gr er segir að vinnsla verði að vera unnin með sanngjörnum, mál-efnalegum og lögmætum hætti. Í þessu máli hafi R mátt vera mjög fljótlega ljóst að við lestur þeirra væri um einkabréf að ræða. Þrátt fyrir það hélt hann áfram lestri og kynnti sér öll tölvusamskipti K við vinkonu hennar. Að mati Persónuverndar hafi R átt að stöðva þessa vinnslu um leið og ljóst var að um einkamálefni væri að ræða og eyða þeim skeytum sem þá höfðu þegar verið skoðuð. Það er mat Persónuverndar að með því að skoða umrædd einkabréf og leggja þau síðar fram í dómsmáli hafi farið gegn meginreglum 7. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (pul). Byggist sú skoðun á að ekki hafi verið um málefnalegan tilgang að ræða. Verður að telja að ákvæði í ráðningarsamningi um að öll gögn séu eign fyrirtækisins upphæfji ekki stjórnarskrárbundinn rétt starfsmanns til að njóta friðhelgi um einkamálefni sín sbr. 71. gr. stjkskr. og 8 gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Persónuvernd taldi að þar sem um nýtt svið væri að ræða sem ekki hefði reynt á áður væri ekki ástæða til að beita R refsingu á grundvelli 42 gr. pul.

# Í orlofshús um páskana?

## Varmahlíð er nýr kostur

Þá er tímabært að sækja um orlofshús um páskana en jafnan er mikil ásókn í húsin á þessum tíma enda margir frídagar hjá fólki. Hvort þá verði kominn alvöru

vetur eða vel farið að vora er ekki gott að segja til um eftir þennan undarlega vetur. Páskarnir eru óvenju seint á ferð þetta árið eða upp úr miðjum apríl.



Myndirnar eru frá Miðhúsaskógi.

Ljós: K. Maack

Á síðasta ári var gerð tilraun með að skipta páskavíkunni í tvennt í nokkrum húsum til að gefa fleirum möguleika á að skreppa út fyrir bæjarmörkin um páskana. Þetta gafst vel og verður því gert aftur í ár. Víkunni verður skipt frá miðvikudeginum 16. apríl til laugardegins 19. og frá laugardegnum til þriðjudegins 22. apríl í átta húsum. Í öðrum húsum félagsins verður hægt að leigja vikuna alla eða frá 16. apríl til 22. apríl.

### Frestur til 28. febrúar

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar. Umsóknareyðublaðið er

að finna á heimasíðu VR á netinu, [www.vr.is](http://www.vr.is). Hægt er að prenta það út, fylla út og póstleggja eða senda í faxi. Þá liggur eyðublaðið auk þess frammi á skrifstofu VR. Að þessu sinni stendur félagsmönnum til boða 1 hús í Ölfusborgum, 20 hús í Miðhúsaskógi, 1 hús í Skyggnesskógi í Biskupstungum, 3 hús á Flúðum, 2 íbúðir í parhúsi á Kirkjubæjarklaustri, 2 hús á Einarstöðum, 3 hús í Húsafelli, 2 íbúðir á Stóra-Kambi á Snæfellsnesi, 1 hús í Stykkishólmi, 3 íbúðir á Akureyri og 2 hús í Varmahlíð í Skagafirði. Varmahlíð er nýr kostur um páska. (Sjá stutta umfjöllun á bls. 19.)

### Niðurstaða 5. mars

Niðurstöður úthlutunar munu liggja fyrir 5. mars og fá allir umsækjendur sent bréf þar að lútandi. Leigusamning þarf svo að undirrita á skrifstofu VR fyrir 13. mars. Leiguverðið páskavíkuna alla er kr. 17.000 á Flúðum, Miðhúsam, Húsafelli, Skyggnesskógi, Stykkishólmi og í Ölfusborgum, en á öllum öðrum stöðum kr. 15.500. Fyrir hálfu viku er verðið kr. 8.500 í Miðhúsaskógi, Húsafelli og í Varmahlíð.

Neðst á síðunni er að finna úthlutunarreglur orlofshúsa VR.



## Til Spánar í sumar

VR hefur tekið á leigu 10 orlofsíbúðir í Evrópuhverfinu í Torrevieja. Íbúðirnar eru á góðum stað þar sem 15 mínútna gangur er niður á strönd og 10 mínútna gangur niður í bæ. Ekki er þó verra að hafa bíl til umráða. Íbúðirnar eru vel útbúnar með aðstöðu fyrir 4–6 manns. Þær eru ýmist á jarðhæð með verönd eða á efri hæð með svölum. Sundlaugar eru örstutt frá húsunum. Umsjónaraðilar VR á Spáni eru íslenskir starfsmenn fyrirtækisins Perla Investment. Nánari upplýsingar er að fá á heimasíðunni [www.perlainvest.com](http://www.perlainvest.com). Þar sem ekki er um skipulagða hópferð að ræða viljum við minna á að fólk er á eigin vegum á Spáni. Á annað hundrað umsóknir höfðu borist um 60 leigutímabil þegar VR blaðið fór í prentun enda fengu félagsmenn send umsóknareyðublað heim í janúar. Umsóknarfrestur var til 5. febrúar.



## REGLUR UM ÚTHLUTUN ORLOFSHÚSA

1. Fullgildir félagsmenn njóta forgangs við úthlutun orlofshúsa VR, en þó er heimilt að gera undantekningu varðandi öryrkja.
2. Úthlutunartímabil sumars er frá lokum maí mánaðar til miðs september ár hvert, u.þ.b. 16 vikur.
3. Páskavíku er úthlutað á sama hátt og sumartíma.
4. Þeir sem sótt hafa um hús en fá ekki úthlutað, fara á biðlista, sem úthlutað er eftir, ef einhver fellur út.
5. Ef umsókn berst ekki um tiltekna viku og enginn umsækjandi óskar að nýta sér það innan þriggja vikna frá aðalúthlutun, verður húsinu úthlutað til

þess sem fyrstur óskar eftir að fá það leigt, þó umsókn hafi ekki borist fyrir aðalúthlutun.

6. Ef umsækjandi, sem greitt hefur leigugjald, óskar að hætta við leigu, fær hann endurgreitt, ef húsið leigist öðrum.
7. Að loknum sumartíma, frá 15. september til 1. maí, að páska- undanskildum, gildir venjuleg vetrarleiga, en þá eru húsin leigð yfir helgi eða heila viku, allt eftir óskum félaga. Umsóknir um vetrarleigu eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast, þó aldrei meira en 6 mánuði fram í tímann.
8. Réttur til úthlutunar á orlofshúsi byggist á félagsaldri í VR að frádregnum fyrir úthlutun-

um orlofshúsa samkvæmt stigafjölda samanber 9. og 10. lið. Stigafjöldi umsækjenda ræður úthlutun. Séu tveir eða fleiri umsækjendur jafnir að stigum, skal tölva ráða hver fær úthlutað.

9. Stig eru reiknuð þannig að hver félagi fær 1 stig fyrir hvern mánuð sem hann greiðir félagsgjald enda sé hann orðinn fullgildur félagsmaður, það eru þeir sem greitt hafa lágmarksfélagsgjald viðkomandi árs.
10. Fyrir hverja úthlutun á orlofshúsi eða tjaldevagninu eru dregin af viðkomandi félaga stig, misjafnlega mörg eftir því á hvaða árstíma hann fékk úthlutað, sbr. eftirfarandi töflu:

	Orlofshús	Tjaldvagnar 6 dagar	Tjaldvagnar 13 dagar
1. júní – 15. júní	20 stig	15 stig	30 stig
16. júní – 15. ágúst	60 stig	30 stig	60 stig
16. ágúst – 15. sept.	20 stig		
Helgarleiga, vetur	10 stig		
Virkir dagar, vetur	0 stig		
Áramót	15 stig		
Páskar	60 stig		
1/2 páskavíka	30 stig		

Til frádráttar skv. töflunni koma allar úthlutanir frá árinu 1965 þegar VR bauð fyrst upp á orlofshús fyrir félaga sína.

11. Þegar sótt er um orlofshús er hægt að merkja við aðalval og

varaval. Úthlutað er eftir stigafjölda umsækjenda. Fáir umsækjandi ekki ósk sína uppfyllta skv. aðalvali, er varaval hans skoðað og eigi hann rétt samkvæmt því fær hann úthlutun.



# Árshátíða- og hópferðir

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN VSTA, IS | ICE 2004B | 01/2003



Verðdæmi gilda í helgarferðir 1. janúar–31. mars. Leitið tilboða fyrir önnur tímabil. Verðdæmin miðast við að flugsæti og hótलगisting fái staðfest. Verðdæmin gilda ekki þegar sýningar eru í borgunum. 21. hver flugmiði á áfangastaði Flugleiða er frír – hámark 3 frímiðar á hóp. Lágmark 10 í ferð.

Hentar fyrir klúbba og félagasamtök. Hver hópur sem bókar ferð fyrir 20 eða fleiri fær flugmiða fyrir 2 í helgarferð til eins af áfangastöðum Flugleiða. Tilvalið til að nota í árshátíðarvinning.

Icelandair tekur við Ferðaávisun MasterCard í pakkaferðir, þ.e. ef keypt er flug og gisting. Greiða þarf ferðina með MasterCard kortinu sem ávisunin er stíluð á.



Icelandair tekur við orlofsávisunum VR í pakkaferðir, ef keypt er flug og gisting.

Hafið samband við hópsöludeild Icelandair í síma 50 50 406, groups@icelandair.is

## Alltaf gaman saman

### Glasgow

Frá **33.960** kr.

á mann í tvíbýli í 2 nætur.

Innifalið: Flug, gisting á Premier Lodge, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### London

Frá **41.210** kr.

á mann í tvíbýli í 2 nætur.

Innifalið: Kvöldflug, gisting á Kensington Close, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### Minneapolis

Frá **44.720** kr.

á mann í tvíbýli í 3 nætur.

Innifalið: Flug, gisting á Holiday Inn No. 2 eða Clarion Hotel, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### Kaupmannahöfn

Frá **42.430** kr.

á mann í tvíbýli í 2 nætur.

Innifalið: Flug, gisting á Palace Hotel, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### París

Frá **43.550** kr.

á mann í tvíbýli í 3 nætur.

Innifalið: Flug, gisting á Home Plaza St. Antoine, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

### Wiesbaden

Frá **47.610** kr.

á mann í tvíbýli í 3 nætur.

Innifalið: Flug, gisting á Crown Plaza, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

ICELANDAIR

www.icelandair.is



# NÁMSKEIÐ Á VEGUM VR VORIÐ 2003

Námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Vinsamlega athugið að félagsmaður getur einungis skráð sig á eitt ókeypis námskeið á önn. Skráning er í síma 510 1700 eða í gegnum tölvupóst á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is). Kennt verður í húsnæði VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

## MARKAÐSLAUNANÁMSKEIÐ

### AÐ SEMJA UM LAUNIN

Í síðustu kjarasamningum VR og atvinnurekenda var samið um persónubundin laun eða markaðslaun og rétt félagsmanna til árlegs viðtals við vinnuveitendur um laun og starfskjör. VR býður félagsmönnum sínum ókeypis námskeið til að undirbúa þá undir þetta viðtal. Námskeiðið er 6 klst. langt og skiptist á tvö kvöld. M.a. verður lögð áhersla á að leita svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvað eru markaðslaun?
2. Hvert er markaðsvirði mitt á vinnumarkaðinum?
3. Hvernig á ég að bera mig að í samningum við vinnuveitanda minn?
4. Hvernig nýti ég mér launakönnun VR?
5. Hvernig get ég aukið markaðsvirði mitt á þann hátt sem ég er sátt(-ur) við?

Fjallað verður um hugmyndafræðina á bak við

### MARKVISS ÞJÁLFUN Í LAUNAVIÐTALI

Á þessu námskeiði verða þátttakendur undirbúnir og þjálfaðir í að fara í launaviðtal. Unnið verður út frá aðstæðum þátttakenda og settir upp hlutverkaleikir þar sem líkt er eftir raunverulegum aðstæðum í launaviðtölum. Unnið verður í fámennum hópum og þessi þjálfun gerir þær kröfur til þátttakenda að þeir séu tilbúnir til að taka þátt í verkefnum og hlutverkaleikjum. Gagnlegt er að þátttakendur hafi farið á námskeiðið Að semja um launin, en í

### STARFSMANNAVIÐTALIÐ

Ókeypis netnámskeið sem hægt er að nálgast á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is) og er öllum opið. Markmiðið með námskeiðinu er að undirbúa launþega fyrir hið árlega starfsmanna- eða

markaðslaunin, félagsmönnum kynntar leiðir til að geta lagt mat á vinnuframlag sitt, styrki sína og veikleika. Áhersla verður lögð á að félagsmenn geti borið sig saman við aðra að teknu tilliti til menntunar, hæfni, reynslu, árangurs og frammistöðu í starfi. Kennar verða mismunandi aðferðir í samningatækni, hvernig á að undirbúa launaviðtal á árangursríkan hátt og hvernig hægt er að fylgja eftir niðurstöðum þess.

Leiðbeinendur eru Hildur Elín Vignir, Vilmar Pétursson og Svanur Þorvaldsson frá IMG.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið:	11. og 12. mars	kl. 18:30-21:30
2. námskeið:	8. og 9. apríl	kl. 18:30-21:30

upphafi þjálfunarinnar verður stutt upprifjun á helstu atriðum þess námskeiðs. Leiðbeinandi er Vilmar Pétursson frá IMG.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið:	26. febrúar	kl. 18:30-21:30
2. námskeið:	26. mars	kl. 18:30-21:30
3. námskeið:	2. apríl	kl. 18:30-21:30

launaviðtal sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Gerð námskeiðsins var styrkt af starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins.



## ÝMIS NÁMSKEIÐ

### SJÁLFSTRAUST OG SJÁLFSÖRYGGI

Við þurfum öll á sjálfstrausti og sjálfsöryggi að halda til að takast á við lífsins áskoranir og breytingar í umhverfinu okkar. Skortur á sjálfstrausti getur hamlað jafnvel færustu einstaklingunum, haft áhrif á baráttuvilja þeirra og haldið aftur af þeim. Það hvernig við hugsum um okkur sjálf og tölum við okkur sjálf hefur mikil áhrif á líðan okkar og hegðun. Neikvætt og óraunhæft sjálfsmat getur orðið að vítahring, við hættum að trúa á sjálf okkur og látum í staðinn aðstæður, tilviljun eða hendingu ráða því hvað gerist í lífi okkar. Óraunhæfar hugmyndir um eigin getu geta leitt til neikvæðra tilfinninga sem auðveldlega standa í vegi fyrir að við náum árangri. Mikilvægt er að temja sér jákvæðan og uppbyggilegan hagsunarhátt og styrkja sjálfan sig og hvetja okkur til dáða.

Einstaklingar sem búa yfir sjálfstrausti trúa á sjálfa sig og eigin getu. Þeir telja sig hæfa í starfi og líklega til að ná árangri. Þeir treysta sér til að vinna sjálfstætt, eru einbeittir og ákveðnir og koma fram við aðra af öryggi. Þeir þora að hafa óvinsælar skoðanir og læra af eigin mistökum. Þeir þekkja eigin gildi, styrkleika, þarfir og takmarkanir og eru opnir fyrir hreinskilinni endurgjöf á frammistöðu sína.

Á námskeiðinu læra þátttakendur að virkja afl jákvæðs sjálfsálts. Þeir auka eigin færni til að læra af eigin mistökum og takast á við gagnrýni. Þeir þroska með sér nauðsynlegt sjálfstraust sem hjálpar þeim að ná markmiðum sínum og takast á við breytingar.

#### Meðal þess sem tekið er fyrir á námskeiðinu:

- Skynjun á eigin getu.
- Raunhæft sjálfsmat og sjálfsálit.
- Tengsl hugarfars og líðan.
- Áhrif hugsana á hegðun.

- Ákveðni í samskiptum.
- Að taka gagnrýni.
- Að læra af mistökum.
- Að ná fram sínu besta.
- Stjórn á eigin lífi.

#### Ávinningur:

- Innsýn í eigin hugsanir og hegðun.
- Aukið sjálfstraust.
- Meiri sjálfsstjórn.
- Meira öryggi í samskiptum.
- Aukin færni í að takast á við breytingar.

#### Kennsluáðferðir:

- Sjálfskoðun
- Fyrirlestur
- Virk þátttaka
- Umræður og æfingar

Námskeiðið er 6 klukkustundir og skiptist á

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið:	18. og 19. febrúar	kl. 18:30-21:30
2. námskeið:	18. og 19. mars	kl. 18:30-21:30
3. námskeið:	26. og 27. mars	kl. 18:30-21:30

### ER LÍF EFTIR VINNU? – SAMHÆFING STARFS OG EINKALÍFS

Nýlegar rannsóknir sýna að næstmesti streituvaldurinn í vinnunni er það að reyna að samræma vinnu og einkalíf. Við lífum erlísömu lífi og erum í mörgum hlutverkum; við erum m.a. starfsmenn, foreldrar, makar, vinir og vinkonur, börn foreldra okkar og samfélagsverur. Það er oft og tíðum mikil áskorun að reyna að halda jafnvæginu milli starfsframa, fjölskyldunnar, áhugamála, félags- og tómstundastarfs, símenntunar og annarra mikilvægra þátta lífsins. Vinnan er oft tekin fram yfir fjölskylduna. Við erum oft með hugann við vinnuna þegar við verjum tíma með fjölskyldunni og erum svo með samviskubit þegar við verjum of miklum tíma í vinnunni. Þegar vinna og einkalífið stangast þannig á getur myndast ójafnvægi og togstreita af ýmsum toga.

Leitin að jafnvæginu milli vinnu og einkalífs er í sjálfu sér ekki nýtt vandamál en breytingar undanfarna áratugi hafa leitt til þess að vandamálið er mun umfangsmeira í dag en áður. Meðal helstu breytinga eru aukin atvinnuþátttaka kvenna, breytt fjölskyldumynstur, breytingar í lagaumhverfinu og aukin krafa um þátttöku karla í umönnun og uppeldi barna og heimilisstörfum.

Á námskeiðinu verður farið í að draga fram þau gildi sem þátttakendum finnast skipta miklu máli bæði í starfi og einkalífi. Er jafnvægi á öllum sviðum þ.e. hvað varðar starfið, einkalífið,

áhugamál, félagslíf, vini, fjölskyldu o.fl. Er ánægja með það sem menn eru að gera? Hvert er stefnt? Hvernig er hægt að samræma þær kröfur sem vinnan, fjölskyldan og samfélagið gerir?

Það sem er tekið fyrir á námskeiðinu:

- \* Breytingar í samfélaginu.
- \* Breytt viðhorf til vinnu.
- \* Mörkin milli vinnu og einkalífs.
- \* Mismunandi hlutverk, ábyrgð og kröfur.
- \* Krafa um árangur á öllum sviðum.
- \* Hvað vil ég?

#### Ávinningur:

- \* Aukin innsýn í eigin þarfir.
- \* Meira jafnvægi milli starfs og einkalífs.
- \* Minni streita.
- \* Meiri árangur og ánægja í lífi og starfi.

Námskeiðið er 3 klukkustundir og hentar öllum þeim sem vilja finna betra jafnvægi milli starfs og einkalífs og auka gæði lífsins. Leiðbeinandi er Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið:	12. mars	kl. 18:30-21:30
2. námskeið:	10. apríl	kl. 18:30-21:30

### VELLIÐAN Á VINNUSTAÐ – FINNURÐU FYRIR STREITU?

VR mun halda námskeið í samvinnu við Geðrækt til að auka velliðan félagsmanna í vinnunni. Á námskeiðinu verður farið í gegnum þá þætti sem hafa áhrif á heilsu okkar og hvað við sjálf getum gert til að hafa áhrif á eigin líðan. Markmiðið er að þátttakendur læri að þekkja þá streituvalda sem eru í umhverfi þeirra og hvernig þeir geti unnið gegn þeim og aukið þannig velliðan og velgengni í vinnunni sem og utan hennar.

M.a. verður fjallað um:

- \* Streituvalda
- \* Sjálfsmyndina
- \* Hugsanir og tilfinningar
- \* Velliðan og velgengni
- \* Slökunaráðferðir

Námskeiðið er 3 klst. langt og opið öllum félagsmönnum VR.

Leiðbeinendur eru Elín Ebbá Ásmundsdóttir, forstöðuúkjupjálfi geðsviðs LSH og lektor við HA og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Geðræktar.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið:	11. mars	kl. 18:30-21:30
2. námskeið:	8. apríl	kl. 18:30-21:30

### KONUR TIL FORYSTU – HLUTVERK STJÓRNENDA O.FL.

VR leggur mikla áherslu á jafnrétti á vinnumarkaði óháð kyni. Í jafnréttisstefnunni segir að sérstaklega þurfi að efla menntun kvenna, m.a. með því að bjóða sérstæk námskeið fyrir konur.

Konur til forystu er námskeið fyrir konur sem eru annað hvort með 5 ára starfsreynslu eða háskóla-menntun og 2ja ára starfsreynslu. Námskeiðið er alls 7 klst. langt og verður m.a. fjallað um:

- \* Starfsþróun og starfsframa
- \* Hlutverk stjórnenda í nútíma fyrirtækjum
- \* Breytingar
- \* Hópa og hóphlutverk
- \* Markmiðasetningu

Þátttakendur skilgreina eigin áhuga og væntingar um starfsframa og fara í sjálfskoðun þar sem þeir velta fyrir sér spurningum eins og: Hvaða hæfni bý ég yfir? Hvaða hæfni vil ég öðlast? Hvert vil ég stefna?

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur einnig um hlutverk stjórnandans og fá innsýn í stjórnunarhegðun. Stjórnendur nútíma fyrirtækja þurfa að skilgreina þjónustu sína með tilliti til starfsfólksins. Mikíð er í húfi því það er engin tilviljun að helsta

ástaða uppsagna er samskipti við stjórnendur. Hæfni stjórnenda í mannlegum samskiptum er því orðin afar mikilvæg.

Síðasti áratugur hefur verið áratugur breytinga í viðskiptaumhverfinu. Rannsóknir hafa sýnt að helsta ástaða þess að breytingar mistakast sé andstaða starfsmanna. Á námskeiðinu verður farið í forsendur breytinga og hlutverk stjórnenda í breytingaferlinu. Á námskeiðinu kynast þátttakendur helstu hamlandi þáttum í breytingum og áhrifaþáttum á hegðun starfsfólks.

Þá er á námskeiðinu fjallað um myndun og hvatningu skilvirkra hópa og skoða þátttakendur styrkleika sína og veikleika í hópstarfi. Í lok námskeiðsins setja þátttakendur sér markmið sem geta varðað persónulegan þroska þeirra eða starfið.

Leiðbeinendur eru Hildur Elín Vignir og Linda Bára Lýðsdóttir frá IMG.

#### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið:	5. og 6. mars	kl. 18:00-21:30
2. námskeið:	9. og 10. apríl	kl. 18:00-21:30

# NÁMSKEIÐ

## RÉTTINDI OG SKYLDUR

Námskeið um réttindi og skyldur verður haldið af ráðgjöfum kjaramálaeildar VR. Þetta er sérhæft námskeið fyrir starfsfólk sem starfar við starfsmannamál. Farið verður í helstu atriði kjarasamninga og launaútreikninga.

Námskeiðið er tvö kvöld og verður á fyrra kvöldinum farið í launaútreikninga, orlof og fæðingarorlof og á seinna kvöldinu veik-

indarétt, uppsagnarfrest og einelti á vinnustöðum. Leiðbeinendur eru ráðgjafar í kjaramálaeild.

**NÝTT**

### Námskeiðið verður haldið:

1. námskeið: 18. og 19. febrúar  
kl. 18:30-21:30

## STARFSGREINANÁMSKEIÐ

Hjá VR eru nokkur starfsgreinanámskeið sem hafa verið styrkt úr starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins:

- \* Markaðssetning ferðapjónustu
- \* Bækur og ritföng
- \* Sala á byggingavörum
- \* Meðferð og sala á grænmeti og ávöxtum
- \* Námskeið í textíl

Ef áhugi er hjá félagsmönnum eða fyrirtækjum að fá ofangreind starfsgreinanámskeið fyrir starfsmenn fyrirtækisins getur VR orðið við þeim óskum fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar eru hjá fræðslustjóra í síma 510 1700.

**Í kjölfar samstarfssamnings við Verslunarmannafélag Akraness eru öll námskeiðin einnig í boði fyrir félagsmenn VA. Einnig verða nokkur námskeið í boði sérstaklega á Akranesi en þau verða auglýst nánar í Póstinum í vor.**

## FYRIRLESTRARÖÐ

Í haust var byrjað á að bjóða upp á klukkutíma fyrirlestur einu sinni í mánuði og verður því haldið áfram fram á vor, þar sem sérfræðingar segja frá nýjum bókum, rannsóknnum eða sérþekkingu sinni.

Fyrirlestrararnir eru öllum opnir og ókeypis. Þeir verða haldnir í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar.

Skráning er í síma 510-1700 eða á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) þar eru einnig frekari upplýsingar. Mikilvægt er að fólk skrái sig því boðið er upp á léttar veitingar.

### Er líf eftir vinnu?

Eyþór Eðvarsson, M.A. í vinnusálfræði, hjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun. Fyrirlesturinn verður haldinn 27. febrúar kl. 12-13.

**Að laða fram það besta í fólki.** Gunnar Haugen, M.A. í atferlisgreiningu. Fyrirlesturinn verður haldinn 13. mars kl. 12-13.

**Hlutverk VR í eineltismálum.** Sigrún Viktorsdóttir, starfsmannastjóri VR. Fyrirlesturinn verður haldinn 10. apríl kl. 12-13.

**NÝTT**

## NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

### TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Hefðbundin trúnaðarmannanámskeið þar sem áhersla er lögð á að kynna starfsemi félagsins og þjónustu þess, farið er yfir kjarasamninga, réttindi og skyldur og margt fleira.

Leiðbeinendur eru starfsfólk VR og fleiri aðilar.

#### Trúnaðarmannanámskeið I

18., 19., 25. og 26. mars kl. 8:30-16:30

#### Trúnaðarmannanámskeið I

25. og 26. feb., 4. og 5. mars kl. 8:30-16:30

#### Trúnaðarmannanámskeið II

11. og 12. mars kl. 8:30-16:30

## Styrkur að lokum

**Lokaverkefnisstyrkur VR** er ætlaður öllum nemendum á háskólastigi sem vinna að rannsóknum eða verkefnum tengdum vinnumarkaðinum.

Veittur er einn styrkur að upphæð 250.000 krónur en markmiðið með styrkveitingunni er að efla rannsóknir á vinnumarkaði og hvetja nemendur á háskólastigi til að huga að þessum málaflokki.

Umsóknarfrestur er til 3. mars 2003.  
Allar nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is).

Starf okkar  
eflir  
þitt starf



Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



Hallur Guðjónsson er nemi í sálfræði við Háskóla Íslands á þriðja ári og er að hefjast handa við undirbúning að BA verkefni sínu. Á næstunni fá fjölmargir félagsmenn senda könnun, en á henni er verkefnið byggt og er vonast til að niðurstöður Halls gefi góðar vísendingar fyrir félagið til að vinna eftir.

Hallur hefur mikla reynslu af vinnumarkaðsmálum því hann hefur unnið í kjaramáladeild VR í tæp tíu ár auk þess að sinna stefnugerð fyrir lögfræðing félagsins. VR blaðið langaði að fræðast nánar um könnunina og af hverju Hallur valdi sér þetta verkefni.

### Aldrei of seint að fara í nám

Hallur er í eldri kantinum af samstúdentum sínum í sálfræðinni. Hvað kom til að þú, kominn hátt á fertugsaldurinn, dreifist þig í háskólanám?

„Ég ákvað eftir stúdentspróf að fara í lögfræði í Háskóla Íslands og entist þar í tæp tvö ár en hafði þó eiginlega engan áhuga á náminu og hætti. Á þeim tímabili var ekkert annað sem mig langaði sérstaklega í og fór að vinna í Iðnaðarbankanum, síðar Íslandsbanka. Mig langaði þó alltaf að halda áfram í námi. Árið 1992 fór ég til Þýskalands, var þar í háskóla að læra þýsku. Það var svo í framhaldi af því sem ég kom til starfa hjá VR í ágúst 1993. Konan mín, Guðbjörg R. Tryggvadóttir, fór í söng- og söngkennaranám og mér fannst við ekki geta bæði verið í námi í einu, því að verða tekjulaus þegar maður er öðru vanur, er bara þó nokkuð erfitt.“

En svo ákveður þú að fara í þriggja ára nám.

„Ég var heppinn að vera í vinnu hjá VR þegar ég ákvað að drífa mig í nám aftur því stjórnendur félagsins hafa sýnt bæði skilning og vilja til að aðstoða starfsfólkið til að stunda nám með



Hallur Guðjónsson og Líney Úlfarsdóttir vinna að BA verkefni sínu um starfs- og launaviðtöl.

Ljós.: Gunnar Kr.

# Í háskólanám á fertugsaldri

því að hliðra til og gefa fólki svigrúm til að minnka við sig vinnu tímabundið meðan á námi stendur. Ég hef verið í hlutastarfi hjá félaginu með náminu og í fullu starfi á sumrin.“

### Lengi á báðum áttum

Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir á vinnustaðnum var Hallur lengi á báðum áttum, enda segist hann vera fremur jarðbundinn að eðlisfari og fara varlega í breytingar.

„Ég verð samt að segja að þetta er ein af erfiðari ákvörðunum sem ég hef tekið um ævina að fara 35 ára gamall í háskólanám. Ég var í ágætis starfi og ég verð að viðurkenna það að ég hafði miklar áhyggjur af því að ég yrði elsti nemandinn, félli alls ekki inni í hópinn, vissi ekkert, kynni ekkert og yrði utanveltu og sjálfum mér til skammar.“

### Háskólanám á ekki að vera auðvelt

Hver var svo reyndin? „Þetta gat náttúrulega ekki verið meira fjarri sanni. Það er hinsvegar ekkert auðvelt að fara í háskólanám hvort sem maður er 20 eða 35 ára, enda á það ekki að vera það. En mér var mjög vel tekið þrátt fyrir minn háa aldur“, segir Hallur og hlær, „enda er ekkert aldursbil í HÍ.“ Hann segir námið hafa gengið alveg þokkalega, það sé þó vissulega ólíkt að vera með fjölskyldu en að hafa bara sjálfan sig um að hugsa. „Ég kom fyrst í skólann dauðskelfdur, með hjartslátt og komplexa um aldurinn, en það lagaðist strax á fyrsta degi því þá kynntist ég vini mínum Hjalta Jónssyni sem er 14 árum yngri og við höfum unnið mikið saman

síðan. Ég komst líka fljótt að því að ég var ekki einn á báti, það var fullt af fólki á mínum aldri og eldra í náminu. Í skólanum vinn ég í rauninni með öllum aldurshópum og er löngu hættur að velta fyrir mér hvort félagar mínu séu eldri eða yngri en ég.“

Af hverju varð sálfræðin fyrir valinu? „Eftir að hafa unnið í kjaramáladeild VR í mörg ár þar sem fengist er við alls kyns vandamál sem upp koma á vinnustöðum kviknaði áhuginn á faginu. Auk þess starfaði ég við atvinnuleysisbótadeild þar sem ég þurfti að takast á við að liðsinna fólki sem hafði misst vinnuna og átti erfitt með að fá vinnu aftur. Þessi störf áttu bæði ágætlega við mig og þau koma bæði inn á sál-gæslu sem svo má að orði komast. Svo hef ég alltaf haft áhuga á fólki.“

### Dóttirin byrjaði á sama tíma í sex ára bekk

Hvað með fjölskylduna? „Ég hefði auðvitað aldrei getað farið í þetta nám nema með stuðningi konunnar. Hún hefur þurft að vinna meira og við höfum þurft að hagræða í ýmsu. Dóttir okkar, Margrét Petrína, byrjaði á sama tíma í sex ára bekk. Henni fannst mjög spennandi að við værum bæði að byrja í skóla við skiptumst enn reglulega á strokleðrum. Hún spurði mig líka að því þegar hún var í 1. bekk við hvern ég léki mér í frímínutum og hún átti ekki til orð þegar hún spurði mig einu sinni hvað kennarinn minn hétu og ég mundi það ekki. En í stuttu máli voru viðbrögðin jákvæð hjá öllum; vinnuveitanda, fjölskyldu og vinum. Mér finnst gaman og gott að ég skyldi gera þetta og reyni að hvetja þá sem eru komnir yfir þritugt og langar að hefja nám að drífa sig endilega ef það hefur tök á. Að hefja nám eftir langt hlé er ekkert auðvelt en það er langt frá því að vera óyfirstíganlegt.“



Ljós.: Gunnar Kr.


Líney og Hallur ásamt dr. Friðriki H. Jónssyni, dósent við Háskóla Íslands.

Framhald á næstu síðu

# Veikindi gera s

## VR greiðir 80% af föstum mánaðar- launum í allt að 9 mánuði

Veikindi gera sjaldnast boð á undan sér og stendur fólk þá oft uppi ráðalaust um hvað skal taka til bragðs varðandi vinnu og afkomu fjölskyldunnar. Þorgerður Sigurðardóttir sér um Sjúkrasjóð VR og er vel að sér um réttindi þeirra sem standa í þeim sporum og segir hér frá hvað er til ráða þegar fólk stendur frammi fyrir því að veikjast og verða frá vinnu í einhvern tíma.



Þorgerður Sigurðardóttir

Ljós.: Gunnar Kr.



Ljós.: Gunnar Kr.

## Í háskólanám – framhald

Hvað með atvinnu í framtíðinni? „Það lítur ekki illa út því atvinnumöguleikar fyrir sálfræðinga eru góðir, það er sálfræðingaskortur í landinu. Ég hef ekki tekið ákvörðun um framhaldsnám en ef til kemur verður það eitt-hvað sem tengist vinnumarkaði á einhvern hátt, enda með mikla reynslu í vinnumarkaðsmálum frá VR.“

hvernig geta niðurstöðurnar nýst félaginu? „Eins og áður sagði hef ég áhuga á mennta mig frekar í vinnumarkaðsmálum. Launaviðtalið er nýtt ákvæði í kjarasamningi en þar sem segir að starfsmaður eigi rétt á viðtali við yfirmann sinn einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Þetta er grunnurinn að markaðslaunakerfinu.“

Hallur segir að VR hafi ekki miklar upplýsingar um hvernig launaviðtalið fari almennt fram úti í atvinnulífinu og því er það

áhugavert umfjöllunarefni. „Sjálfur tel ég að um ólíkar væntingar milli þessara hópa sé að ræða hvað snertir þetta viðtal og ef niðurstaðan verður sú getur VR nýtt sér upplýsingarnar til að minnka bilið á einhvern hátt, t.d. með fræðslu til félagsmanna sinna og ábendingum til vinnuveitenda. Þannig að báðir aðilar fái það út úr viðtalinu sem þeir vilja.“

### Myndi bæta samskipti á vinnustað ef aðilar geta tjáð sig frjállega

„Auk þess virðist vera þörf á að árétta um hvað viðtalið á að

snúast, ég lít á þetta sem samtal þar sem eðlileg skoðanaskipti koma fram um starf launþegans og starfsemi fyrirtækisins almennt auk þess að semja um kjörin.“ segir Hallur. „þar ættu málin að vera skoðuð bæði frá sjónarhorni vinnuveitandans og launþegans og væntanlega myndi það bæta samskipti á vinnustað ef báðir aðilar geta tjáð hug sinn frjállega í þessum viðtölum. Þess vegna er mikilvægt að fólk undirbúi sig vel, bæði vinnuveitendur og launþegar.“

VR hefur gjarnan litið til Danmerkur varðandi kjarasamninga-gerð og nýjar hugmyndir, hafið þið hugsað ykkur að skoða eitt-

hvað hugmyndir Dana? „Þetta ákvæði um launaviðtal hefur verið í kjarasamningum í Danmörku í nokkurn tíma og auðvitað væri gaman að bera saman niðurstöður okkar við niðurstöður svipaðrar könnunar sem gerð var þar“, segir Hallur.

VR blaðið þakkar Halli kærlega gott spjall. Niðurstaðna úr könnun þeirra Halls og Líneyjar er að vænta í vor og eru félagsmenn hvattir til að svara könnunum VR sem send verður félagsmönnum nú í febrúar samviskusamlega, því ljóst er að hún mun nýtast VR vel sem tæki til að bæta hag félagsmanna sinna.

### Launaviðtalið – ólíkar væntingar vinnuveitenda og launþega

Og BA verkefnið er á þeim nóttum, tengt vinnumarkaðinum. „Verkefnið geri ég með samnemanda mínum Líneyju Úlfarsdóttur undir stjórn dr. Friðriks H. Jónssonar sálfræðings og í samvinnu við VR. Það fjallar um ólíkar væntingar starfsfólks og vinnuveitenda til starfs- og launaviðtala og byggir á launakönnun VR og könnuninni um fyrirtæki ársins. Auk þess fá vinnuveitendur einnig sendan spurningalista frá okkur. Við vinnum svo verkefnið og byggjum á svörum félagsmanna VR og vinnuveitenda þeirra.“

### Hvers vegna?

Hvers vegna valdirðu þetta verkefni? Hver er tilgangurinn og

**Nokkrir samnemendur Halls í sálfræði við HÍ.**



Ljós.: Gunnar Kr.

# jaldnast boð á undan sér

„Fyrsta skrefið er að hringja í vinnuna og tilkynna veikindi. Vinnuveitandinn getur svo óskað eftir læknisvottorði og þarf hann þá sjálfur að greiða kostnaðinn. Það fer svo eftir starfsaldri í fyrirtæki hve veikindarétturinn er langur,” segir Þorgerður.

Þegar greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur kemur til kasta stéttarfélaganna en vinnuveitendur greiða 1% af heildarlaunum fólks í sjúkrasjóði og þannig er Sjúkrasjóður VR myndaður. „Þegar vinnuveitandi hefur greitt eins og honum ber getur félagsmaður VR snúið sér til okkar á skrifstofu VR og sótt um dagpeninga, þeir eru síðan greiddir frá þeim tíma er launagreiðslum frá vinnuveitanda lýkur, ef viðkomandi er óvinnufær í að minnsta kosti 12 daga. Dagpeningar vegna veikinda eru greiddir í allt að 270 daga eða u.þ.b. níu mánuði úr Sjúkrasjóði VR. En sem betur fer eru það ekki hlutfallslega margir sem þurfa að nýta sér dagpeninga allan þennan tíma.

Til að glöggva sig á þessu getum við tekið dæmi um félagsmann sem hefur unnið í eitt ár hjá sama vinnuveitanda. Hann á inni tveggja mánaða veikindarétt. Þegar þessir tveir mánuðir eru liðnir og hann áfram veikur, getur hann snúið sér til VR og fengið greiðslur úr Sjúkrasjóði”, segir Þorgerður.



Ljós.: Gunnar Kr.

(Myndir af sjúklingi eru sviðsettar)

## Hve mikið fæ ég greitt?

Félagsmaður VR fær sem nemur 80% af meðallaunum ef ekki kemur til greiðsla vegna tímabundinnar örorku á sama tímabili. Greiðslur sjúkradagpeninga miðast við meðallaun þess sem sækir um. (Sjá nánar reglugerð Sjúkrasjóðs á [www.vr.is](http://www.vr.is)). Ef launin eru kr. 160.000 á mánuði að meðaltali fær viðkomandi dagpeninga að upphæð kr. 128.000 kr. úr Sjúkrasjóði. Til samanburðar eru greiddar rúmar 26.000 kr. frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir einstakling á mánuði. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði annars verkalýðsfélags, öðlast rétt í Sjúkrasjóði VR eftir að greitt hefur verið í félags- og sjúkrasjóð VR í einn mánuð.

## Fjarvistir frá vinnu vegna veikinda barna

Það er stöðugur straumur fólks í Sjúkrasjóðinn, enda er starfsemi fjölbreytt að sögn Þorgerðar. Eitt af verkefnum sjóðsins er greiðsla dagpeninga vegna veikinda barna félagsmanna. „Eftir að starfsmaður hefur verið í einn mánuð í starfi hjá atvinnurekanda á hann rétt á að halda dagvinnulaunum í samtals sjö daga á hverju tólf mánaða tímabili vegna veikinda barna sinna undir 13 ára og

eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda getur félagsmaður varið samtals tíu vinnudögum vegna veikinda barnanna”, segir Þorgerður. „Ef barnið er veikt lengur og foreldri á ekki lengur rétt til launa hjá vinnuveitanda geta félagsmenn VR sótt um bætur úr Sjúkrasjóði í allt að 270 daga (9 mánuði) á hverju 12 mánaða tímabili. Þetta gildir um börn að 16 ára aldri. Upphæðin nemur 80% af meðallaunum síðustu sex mánuði.“

Reynslan hefur sýnt að þörf er á þessum bótaflokki því að um 6 félagsmenn sækja að meðaltali á mánuði um dagpeninga vegna veikinda barna.

## Fjölbreytt starfsemi

Eins og áður sagði er starfsemi sjóðsins fjölbreytt. Auk þessa sem að ofan er talið eru greiddir dagpeningar vegna slysa félagsmanna og barna þeirra, örorkubætur vegna slysa í frítíma, dánarbætur vegna félagsmanna, dánarbætur og örorkubætur vegna barna félagsmanna að 16 ára aldri og hægt er að sækja um niðurgreiðslu vegna heilsufarstrygginga, sjúkraþjálfunar, gleraugnakaupa, krabbameinskoðunar, skoðunar hjá Hjartavernd og Hjarta- og lungnastöðinni, líkamsrækt o.fl. Allt miðar þetta að því að auka heilsuvernd félagsmanna VR.

Í janúarmánuði fengu 887 félagsmenn greiðslur úr Sjúkrasjóði VR, alls um 33 milljónir. Nánari upplýsingar um réttindi vegna veikinda í þjónustuveri VR í síma 510 1700 og á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is) er að finna allar upplýsingar um bætur og styrki og reglugerð sjóðsins.

## Dæmi um greiðslur sjúkradagpeninga:

Tekjur fyrir veikindi eða slys	Dagpeningagreiðslur úr Sjúkrasjóði VR
120.000	96.000
160.000	128.000
280.000	224.000

## Veikindaréttur

### Á fyrsta ári:

**Veikindaréttur er 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.**

### Eftir 1 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda:

**Veikindaréttur er 2 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili.**

### Eftir 5 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda:

**Veikindaréttur er 4 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili.**

### Eftir 10 ár í starfi hjá sama vinnuveitanda:

**Veikindaréttur er 6 mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili.**

## Hvernig á að sækja um sjúkradagpeninga?

Sækja þarf um sjúkradagpeninga fyrir 20. hvers mánaðar til að greiðsla geti borist 1. dag mánaðarins þar á eftir. Gögn sem þurfa að berast: Skrifleg umsókn á eyðublaði ásamt læknisvottorði og staðfestingu vinnuveitanda um að launagreiðsla hafi fallið niður auk skattkorts. Hægt er að nálgast umsóknareyðublaðið á heimasíðunni [www.vr.is](http://www.vr.is)

# ÁVÍSUN Á GOTT FRÍ

Þá er sólin loks farin að hækka á lofti og ekki úr vegi að hefjast handa við að skipuleggja sumarfríið. Á þessum tíma dynja venjulega yfir okkur freistandi auglýsingar frá ferðaskrifstofunum með myndum af sólheitum ströndum framandi landa og áhugaverðum stöðum að heimsækja.

Þar sem langt er frá að hægt sé að anna öllum þeim umsóknum sem berast til VR um dvöl í orlofshúsum félagsins var á síðasta ári og aftur nú ákveðið að senda félagsmönnum orlofsávisun að upphæð kr. 5000 sem gildir sem afsláttur af ferðaþjónustu hjá hinum ýmsu ferðaþjónustuaðilum. Með þessu móti eiga því fleiri kost á að njóta niðurgreiðslu úr orlofsjóði VR en þeir sem fá útlutað orlofshúsi eða tjaldvagni hjá félaginu.

Tæplega fjórtán þúsund félagsmenn hafa nú fengið senda orlofsávisun í pósti frá VR. Gerður hefur verið samningur við fimmtán aðila um samstarf og gildir ávisunin sem afláttur upp í þjónustu þeirra.

Ávisunin gildir skv. nánari skilgreiningu hér að neðan m.a. í utanlandsferðir ýmisskonar, gönguferðir og ferðalög innanlands, gistingu á hótélum og að sjálfsgöngu einnig í orlofshúsum VR innanlands, bæði vegna sumar- og vetrarleigu. Einnig vegna leigu á orlofsíbúðum VR á Spáni og tjaldvögnum. Það er von félagsins að sem flestir geti nýtt sér þennan kost og eigi möguleika á að vera á faraldsfæti á árinu.

## VR hefur gert samstarfssamning við eftirfarandi aðila:

### Ferðafélag Íslands

Ferðafélag Íslands tekur á móti orlofsávisun VR sem greiðslu upp í sumar- og helgarferðir félagsins árið 2003. Ferðaáætlun F.Í. 2003 er komin út og liggur víða frammi t.d. í bókasöfnum, upplýsingamiðstöðvum, íþróttahúsum og sund-

laugum. Einnig hjá Ferðafélaginu í Mörkinni 6, s. 568 2533, netfang: fi@fi.is. Á www.fi.is eru upplýsingar um ferðaframboð, skála og margt annað sem varðar Ferðafélagið. Á þar er einnig hægt að skrá sig á póstlista F.Í. Þá fá menn á einfaldan hátt nýjustu upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni. Félagsgjald Ferðafélagsins er aðeins 3.900 kr. og vegleg árbók er innifalín. Félagsmenn fá riflega afslætti í ferðir F.Í. og skálagistingu.

### Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í auglýstar hópferðir árið 2003. Farið er m.a. til Prag, Búdapest og Helsinki. Ferðaskrifstofan sér auk þess um alla almenna farseðlasölu og ferðaskipulagningu fyrir einstaklinga og hópa jafnt innanlands sem utan. Elsta starfandi ferðaskrifstofa landsins. Nánari upplýsingar á www.gjtravel.is og í síma 511 1515.

### Ferðaskrifstofan Embla

Ferðaskrifstofan Embla tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar ferðir á vegum Emblu árið 2003.

Ferðaskrifstofan Embla fer öðruvísi ferðir. Ævintýraferðir til framandi landa á ótroðnar slóðir. Farið er í litlum hópum sem er þægilegur og afslappaður ferðamáti og þar gefst tækifæri til að kynna samferðamönnum með svipuð áhugamál. Þessir ferðamenn eru þyrstir í ævintýri, forvitnir um heiminn, sækjast í ferðalög til að fræðast um framandi menningu, sögu og uppgvöta leyndarmál náttúrunnar. Næstu ævintýraferðir Emblu eru með Síberíuhradlestinni til Kína í ágúst, Ekvador, Galapagos og Amasón í október og Nýja Sjáland í nóvember. Skráið ykkur í Fjarskaferðaklúbb Emblu og fylgist með á www.embla.is.

### Fosshótel

Fosshótel taka á móti orlofsávisun VR þegar greitt er fyrir venjulega gistingu og „last minute“ tilboð. Ávisunin gildir ekki fyrir önnur tilboð eða mat og drykki.

Á last minute tilboði geta

félagsmenn pantað gistingu með mest 24 tíma fyrirvara ef laust er á eftirtöldum sérkjörum:

**Last minute tilboð jan-maí og sept-des 2003:** 1 eða 2 manna herb. m/morgunm. og baði 7.000 kr. 1 eða 2 manna herb. m/morgunm. án baðs 5.000 kr.

**Last minute tilboð júní - ágúst 2003:** 1 eða 2 manna herb. m/morgunm. og baði 8.500 kr. 1 eða 2 manna herb. m/morgunm. og án baðs 6.300 kr.

Fosshótelin eru: Hótel Bifröst Borgarfirði, Fosshótel Áning Sauðárkróki, Fosshótel Húsavík, Fosshótel Laugar, Fosshótel Valaskjálfr Egilsstöðum, Fosshótel Hallormsstaður, Fosshótel Reyðarfjörður, Fosshótel Vatnajökull Höfn, Fosshótel Ingólfur Selfossi, Fosshótel Nesbúð Nesjavöllum, Fosshótel Lind og Höfði Reykjavíkur. Nánari upplýsingar eru veittar á söluskrifstofu Fosshótela í síma 562 4000, fax 462 4001, á bokun@fosshotel.is og www.fosshotel.is.

### Heimsferðir

Heimsferðir taka á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar leiguflugferðir félagsins árið 2003. Heimsferðir bjóða alla vinsælustu áfangastaði Íslendinga í beinu vikulegu leiguflugi sumarið 2003. Félagsmenn VR geta notað orlofsávisun sína til eftirfarandi staða: Prag, Búdapest, Kanaríeyja, Costa del Sol, Mallorca, Benidorm, Barcelona, Rimini og Verona. Á öllum áfangastöðum sínum bjóða Heimsferðir úrval góðra gististaða, þjónustu reyndra íslenskra fararstjóra og úrval kynnisferða fyrir þá sem vilja kynna landi og þjóð. Sjá nánari upplýsingar á vef Heimsferða, www.heimsferdir.is, en þar er hægt að bóka og fá ferðina staðfesta.

### Heimsklúbbur Ingólfs

Heimsklúbbur Ingólfs tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í skipulagðar ferðir á vegum skrifstofunnar árið 2003. Heimsklúbbur Ingólfs leggur áherslu á menningarferðir vítt og breitt um veröldina. Þær ferðir sem Heimsklúbburinn býður eru m.a.: Ferðir til Thailands og Dómínísku Lýðveldisins, siglingar um Karíbahafið með Carnival Pride, hnattreisa og margt fleira áhugavert.



**Tæplega fjórtán þúsund félagsmenn hafa nú fengið senda orlofsávisun í pósti frá VR. Gerður hefur verið samningur við fimmtán aðila um samstarf og gildir ávisunin sem afsláttur upp í þjónustu þeirra.**

Kynnið ykkur möguleikana í síma 562 0400 eða á heimasíðunni www.heimsklubbur.is.

### Icelandair

Icelandair tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í pakkaferðir Flugleiða sem kynntar eru í bæklingi Icelandair árið 2003. Sumarbæklingur Icelandair, „Út í heim“ kemur út 15. febrúar og verður og verður honum dreift með Morgunblaðinu í 65.000 eintökum auk þess er honum dreift í gegnum okkar söluskrifstofur og ferðaskrifstofur. Þar verður af nógu að taka, pakkaferðir til Evrópu og Ameríku þar sem Icelandair býður upp á flug og gistingu og flug og bíl. Lögð er sérstök áhersla á Þýskaland, flogið er til Frankfurt sem er hentugur upphafsreitir fyrir ökuferðir um mið og suður Þýskaland. Einnig eru staðir skammt frá Frankfurt eins og Wiesbaden sem er þekkt fyrir glæsilegar byggingar frá nýliðnum öldum, hallir og herrasetur, skruðgarða og græn svæði

og Heidelberg vagga þýskrar rómantikur þar sem Icelandair bjóða úrvalsgistingu. www.icelandair.is.

### Icelandair hótel og Eddu hótel

Icelandair hótelin og Eddu-hótelin og taka á móti orlofsávisunum VR þegar greitt er fyrir gistingu þ.e. ekki fyrir mat og drykki. Ávisunin gildir ekki með tilboðum.

Edduhótelin eru á eftirtöldum stöðum: Menntaskólanum og ÍKÍ á Laugarvatni, Skógum, Vík í Mýrdal, Nesjaskóla, Neskaupstað, Eiðum, Egilsstöðum, Stóru-Tjörnnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Núpi, Laugum og Hellissandi.

Edduhótelin eru hringinn í kringum landið, þar er lögð sérstök áhersla á lipra þjónustu og hagstætt verð. Herbergin eru öll vistleg og víðast hvar er unnt að velja á milli svefnpokapláss og uppþúinna herbergja með mismunandi baðaðstöðu. Veitingasalir hótélanna eru opinir frá morgni til

# FERÐAÞJÓNUSTU



Ljós.: Gunnar Kr.

kvölds og hefur hver þeirra fjölbreytta matseðla í boði. Viðast eru sundlaugar við hótelin eða í næsta nágrenni. [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is).

Icelandair hótél eru: Hótel Loftleiðir og Nordica hótel í Reykjavík, Flughótel Keflavík, Hótel Selfoss, Hótel Flúðir, Hótel Rangá, Hótel Kirkjubæjarklaustur og Hótel Hérað. Nánari upplýsingar á [www.icehotel.is](http://www.icehotel.is).

## Íslenskir fjallaleiðsögumenn

Íslenskir fjallaleiðsögumenn taka á móti orlofsávisun VR sem greiðslu upp í allar ferðir félagsins árið 2003. Fjallaleiðsögumenn sérhæfa sig í gönguferðum um Ísland; dags- og helgarferðum auk lengri ferða ýmist bakpokaferðum eða trússferðum. Nefna má ís & klettaklifur, jöklaferðir s.s. á Svínafellsjökul og Hvannadalshnjúk, Skaftáreldagöngu, Laka-gíga, Núpsstaðaskóga, baklönd Fljótshverfis og svo mætti lengi telja. Auk þess er boðið upp á gönguferðir erlendis s.s. á Grænlandi, Mont Blanc og í Norður-Afríku. Nánari upplýsingar á [www.mountainguide.is](http://www.mountainguide.is).

## ÍT ferðir

ÍT ferðir taka á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í skipulagðar leigufærðir fyrirtækisins árið 2003. ÍT ferðir bjóða upp á mjög spennandi gönguferðir, bæði innanlands og á Spáni í tengslum við leiguflog til Barcelona í júní/júlí. Skoðið heimasíðu ÍT ferða [www.itferdir.is](http://www.itferdir.is) eða hafið samband vegna nánari upplýsinga.

Tilvalið fyrir fjölskyldur og hópa; ganga og golf, sól, strönd og sjór!

## Plúsferðir

Plúsferðir taka á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar sólarlandiferðir með leiguflogi til Danmerkur/Billund. Plúsferður bjóða upp á fjölbreyttar ferðir í sólina; til Krítar, Portúgal, Mallorca og Benidorm. Fjölbreytt úrval af gististaða og boðið er upp á stórar íbúðir fyrir barnafjölskyldur í sumarfríinu. Að auki er hið sívinsæla flug til Danmerkur/Billund áfram í sumar. Það er engu líkt að fara með börnin til Danmerkur í frí. Fjölskyldugarðarnir í Legoland, Djuurs sommerland, Ljónagarðurinn og að ógleymsdu Tivolínu gerir ferð til Danmerkur að ómissandi hluta í lífi barnanna. Bílaleigubílar eru til taks á öllum okkar áfangastöðum fyrir farþega Plúsferða sem þess óska hvort heldur sem er um lengri eða skemmri tíma. Nánari upplýsingar á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is).

## Sumarferðir

Sólarferðir taka á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar ferðir félagsins árið 2003. Sumarferðir bjóða VR félögum sérkjör á flugsætum til Alicante í tengslum við sumarhúsaúthlutun VR á Spáni. Verð fyrir félagsmenn og fjölskyldu þeirra er kr. 26.300 auk flugvallaskatta kr. 3.650 og kr. 24.300 fyrir börn auk flugvallaskatta kr. 2.875. Sem þýðir að félagar VR með orlofsávisun greiða einungis kr. 21.300 auk flugvallaskatta. Einnig er hægt að nota Atlas ávisun sem lækkar verðið enn frekar.

Flug með flugvallarskatti og bílaleigubíl fyrir VR félag er á

sértilboði á kr. 35.950 í tvær vikur. (Verð miðast við 4 í bíl í flokki B eða 5 í bíl í flokki C). Tryggðu þér sæti í tíma. Nánari upplýsingar á [www.sumarferdir.is](http://www.sumarferdir.is).

## Terra Nova Sol

Terra Nova Sol tekur á móti orlofsávisun VR sem greiðslu í allar pakkaferðir í sumarþekkingu að undanskyldum ferðum með Norrænu og pakkaferðum í áætlanarflugi. VR-ávisun gildir í eftirfarandi pakkaferðir Terra Nova-Sólar: Portúgal, Barcelona og Salou á Spáni, Kýpur, Flórída, skemmtisiglingar í Karíbahafi og Miðjarðarhafi, sumarhús í Hollandi, pakkaferðir til Parísar/Frakklands með Corsair, Düsseldorf, München, Berlínar og Vínarborgar þegar flogið er með LTU, Condor og Aero Lloyd. Gildir einnig í TUI pakkaferðir um allan heim. Þá er flogið með Icelandair til Frankfurt og val um ferðir í Evrópu og til Afríku, Asíu, Ástralíu og Ameríku. Nánari upplýsingar á [www.terranova.is](http://www.terranova.is).

## Úrval-Útsýn

Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar sólarlandiferðir með leiguflogi árið 2003. Aldrei hefur Úrval Útsýn verið með meira úrval af páskaferðum í sólina og fjölbreytt úrval ferða þar sem flogið er verður vikulega í sumar til Portúgal, Mallorca, Krítar og Benidorm. Allar nánri upplýsingar í síma 585 4000 eða á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is).

## Útivist

Útivist tekur á móti orlofsávisunum VR sem greiðslu í allar ferðir félagsins árið 2003 og/eða sem greiðsla fyrir félagsgjald þó svo að ekki verði gefið til baka af ávisuninni. Útivist er öflugt ferðafélag sem býður upp á fjölmargar og fjölbreyttar ferðir, allt frá léttum dagsferðum til lengri ferða auk þess sem jeppadeildin er öflugur félagskapur innan félagsins. Kvöldgöngur Útivistarræktarinnar eru alltaf á mánudögum og fimmtudögum en þær eru kjörinn vettvangur fyrir alla sem vilja hreyfa sig í klukkutíma og halda sér í gönguformi á milli ferða. Ekki spillir fyrir að þátttaka í Útivistarræktinni er ókeypis. Félagar í Útivist fá ýmis hlunnindi, t.d. afslátt af öllum ferðum, ódyrari gistingu í skálum félagsins, ókeypis tímarit tvisvar á ári, fréttabréf og afslátt af vöruverði hjá mörgum fyrirtækjum. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 562 1000 og á vefsetrinu [www.utivist.is](http://www.utivist.is).

## VR

VR tekur á móti orlofsávisun VR sem greiðslu upp í leigu á orlofshúsum innanlands, bæði vegna sumar- og vetrarleigu. Einnig vegna leigu á orlofsíbúðum á Spáni og leigu á tjaldvögnum.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni [www.vr.is](http://www.vr.is).

*Það skal tekið fram að textar hér að framan eru að mestu komnir frá ferðaþjónustuaðilunum sjálfum.*



Elisabet Magnúsdóttir og Grétar Hannesson.

Ljós.: Gunnar Kr.

## STARF TRÚNAÐARMANNSINS

# Breytt hlutverk í tímans rás

Þó að starf trúnaðarmanna hafi tekið breytingum í tímans rás eru þeir í dag ekki síður nauðsynlegur þáttur í starfi félagsins og á vinnustöðunum en áður.

Það hlutverk trúnaðarmanna að hafa eftirlit með því að farið sé eftir kjarasamningum á vinnustaðnum hefur breyst meira í þá átt að trúnaðarmaðurinn verður eins konar tengiliður starfsmanna á vinnustaðnum við stéttarfélagið og fær í meira mæli en áður það verkefni að fræða og miðla upplýsingum til starfsfélaga sinna.

## Starfið stóreflt

Um árabíl hefur félagið staðið fyrir námskeiðum fyrir trúnaðarmenn. Það hefur gefist vel en dugir þó ekki til ef halda á trúnaðarmönnum sífellt upplýstum um nýjasta nýtt í félagsstarfinu. Til að koma til móts við breytt hlutverk hefur VR ákveðið að efla starf trúnaðarmannsins verulega með reglulegu upplýsingaflæði, stuttum fyrirlestrum um ýmiss málafni og að skapa vettvang fyrir þá til skoðanaskipta innbyrðis. Þeir gætu þá hist jafnvel án þess að starfsmenn á skrifstofu VR séu sífellt að messa yfir þeim. Þar gætu þeir borið saman bækur sínar og skipst á góðum hugmyndum um félagið og reynslu sína sem trúnaðarmenn, auk þess að kynna nýju fólki með ferskar hugmyndir. Einnig er stefnt að því að stórefla fyrirtækjaheimsóknir og mun félagið freista þess að leita álits trúnaðarmanna á ýmsum málum í starfinu. Þá verður hugað að því að umbuna í auknum mæli starfandi trúnaðarmönnum óeigin-

gjarnt starf. Sl. haust bauð félagið trúnaðarmönnum og börnum þeirra t.d. á forsýningu á Harry Potter og vakti það mikla ánægju.

## Hagur fyrirtækjanna að starfsmenn séu upplýstir

Sem betur fer líta flestir, bæði atvinnurekendur og launþegar, á starf trúnaðarmannsins jákvæðum augum og flest fyrirtæki sjá sér hag í að vera með trúnaðarmenn. Ef ekki er ástæðan oft vanþekking á hlutverki trúnaðarmannsins. Forsvarsmenn fyrirtækja hafa þó vonandi flestir áttað sig á að það er hagur fyrirtækjanna að starfsmennirnir séu vel upplýstir um sem flest mál vinnuamarkaðarins. Með tilliti til þessa og til að freista þess að fjölga trúnaðarmönnum félagsins enn hefur verið ákveðið að lífga upp á ímyndina með auglýsingum í dagblöðum. Þar verður m.a. bent á að starf trúnaðarmannsins er ekki bara erfitt og krefjandi, það er líka lærdómsríkt, skemmtilegt og spennandi.

## Grétar og Elisabet ykkar menn!

Trúnaðarmenn félagsins eru um 170 og því ærinn starfi að halda utan um hópinn. Grétar Hannesson hefur um árabíl sinnt trúnaðarmönnum af miklum móð á skrifstofu VR auk annarra starfa. Í haust kom honum til aðstoðar Elisabet Magnúsdóttir. Þau hafa því verið tvö um hituna undanfarið. Grétar er í veikindafrí um sinn og sinnir því Elisabet starfinu ein framundir vorið. Hún er með netfangið [elisabet@vr.is](mailto:elisabet@vr.is) og til þjónustu reiðubúin eins og kostur er. Eins og áður hafa trúnaðarmenn samband við aðra starfsmenn og deildir félagsins eftir hentugleikum.



		SÚKST- AST FRÁ	AULANA	HÁS	ÁNÖXT- UR	FISK- SPYRDA	STING	RUSLA I	VONDA VEDR- ATTAN	DÁINN FUGL
		SKR- IFLI	1						4	
		ÞULA- HATT- UR								
		MAN ÓLSTÓST EFTIR		11			ALGENG AF- GLAPI			
		ELD- STEDI	8	KROPP- AÐI			9			
	↓	NIDUR	FÁLMA HEYIÐ	19		SKAUT V ÚR HÖFI				
DEIGAN	21				FUGL- INN OFFUR					
RENGTA	3		FRÁ DÝRIN				30		UM- STANG	7
HENA AÐ			16	DAPRAR DÁ- SEMD			30			
BITUR	↓			10		RAN- FUGLINN NYTSA- LÖNDIN				
		KVEN- NAFN RENN- INGIS					5	ZEINS FERILL- INN		IÐU DURTUR
FÆÐI		6	FRUM- KENI SKELF- UR		ÚRRÆÐI HRELLI					
SKRÁÐ- AR + JURTA RÍKI	13									
TÓN	↓		15	EIRA ÓTKAST FÍFL			BELTI AFELL- UR		UTAN	
SPIL + SKIP	2				12			SNÆDDI SAUNAR BRUGGAR		
ÓHLIÐ	↓			27	HREINN OG BEINN LAGI- MADUR					
		MANN- NAFNI				FLANA GUFU			ALLS- GÁÐUR	
SKYN- FERI	14				SEM GÆÐ HÁND- FESTA		23	FSÖLDI BTÓR	25	
		FURA	MANN- NAFNI ÆSIR		28		BYLATU	29		
	↳				18		↓	MANN- NAFN		20
KYRÐ- IN		22				FLJÓT	34	MANN- NAFN DÖK- STAFUR		
ÞUKIST				KOKKUR VEL LITILL						
YLTI	37			PÚLAR KLAUF- DÝRA	24					SPOR
		GRÍPA YFIR LEIT				32	ENDING	L'ET AF HENDI RAKVA ELDIVIÐ	31	
ENDING		33	RISP- UM + EIGIN- KÖNU				17		26	
FER GÆTT			35		ÞAK- GLUGG- AR					38



# KROSSGÁTA



Ljós.: Gunnar Kr.

# VERÐLAUN KR. 8.000

Lausn jólakrossgátunnar, sem var að finna í ljóði eftir Einar Benediktsson, er á þessa leið:

Sviptigna Esja með ennið hátt við elskum þig, börnin þín, fjallið blátt.

Dregið var úr réttum lausnum og kom upp nafn Önnu Bjarnadóttur, sem starfar hjá Dún- og fiðurhreinuninni ehf. Anna hefur fengið verðlaunin og myndin er af henni.

Hér er svo ný gáta til lausnar. Höfundur gefur þá vísbandingu að lausnin sé íslenskur málsháttur. Síðasti móttökudagur lausna er mánudagur 17. mars. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslaginu. Utanáskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfangið vr@vr.is



Starfsmenn VR gefa góð ráð.

Ljós.: Gunnar Kr.

## Framadagar

VR tók þátt í frama-  
dögum í þriðja sinn  
um síðustu mánaða-  
mót.

Markmiðið með framadög-  
um er að kynna atvinnulífið  
fyrir háskólanemum á útskrift-  
arári. Í þetta sinn voru frama-  
dagar haldnir í Valsheimilinu.  
Þar voru starfsmenn félagsins  
og svöruðu fyrirspurnum gesta  
og gangandi. Í tengslum við  
framadaga voru haldnir fyrir-  
lestrar í háskólum á Reykja-  
víkurvæðinu og á Bifröst.

Í kjölfar framadaga verður  
útskrifarnemum á háskólastigi  
boðið upp á námskeið sem  
fjallar um þá þætti sem lúta að  
undirbúningi atvinnuumsóknar  
og hvernig einstaklingurinn  
getur best kynnt sig fyrir þeim  
fyrirtækjum/stofnunum sem  
hann stefnir á að vinna hjá.  
Upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is)



## Hvað gerir VR fyrir þig?

Út er kominn bæklingur hjá VR þar sem leitast er við að tíunda í örstuttu máli hvað felst í því að vera félagsmaður hjá VR. Vonast er til að félagsmenn öðlist þar með meiri þekkingu á réttindum sínum og læri að notfæra sér félagið í meira mæli. Bæklingurinn verður sendur út til nýrra félagsmanna og er auk þess fáanlegur á skrifstofunni og á [www.vr.is](http://www.vr.is).

## Hvar getur VR bætt sig í þjónustu við unga fólknið?

Að bæta upplýsingaflæði til ungra félagsmanna um grundvallarréttindi kjarasamninga var niðurstaða fundar sem haldinn var með með ungum félagsmönnum VR á veitingastaðnum Apótekinu í Austurstræti þann 16. janúar sl.

Fundurinn var með svipuðu sniði og morgunfundirnir með félagsmönnum sem hófu göngu sína sl. haust. Tilgangur með þessum fundum er sá að færa félagið nær félagsmönnum og komast að því hvað brennur helst á fólkni hverju sinni og fá þar með hugmyndir að nýrri og bættri þjónustu. Á fundinum var skeggrætt um þjónustu VR með áherslu á hvað það væri sem helst höfðaði til yngstu félagsmannanna. Þau virtust nokkuð ánægð með þjónustuna en fannst að bæta mætti verulega upplýsingaflæði til þessa aldurshóps sérstaklega hvað varðar réttindi skv. kjarasamningum. VR hyggst boða til fleiri slíkra funda á næstunni til að kanna hug þessa yngsta hóps innan félagsins og í kjölfarið verður farið að stað með kynningarherferð fyrir þennan hóp.



Frá fundi með ungum félagsmönnum VR.

Ljós.: Gunnar Kr.



Ljós.: Gunnar Kr.

## Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunin

Haldinn var kynningar-  
fundur um Leonardó da  
Vinci starfsmenntaáætlun  
Evrópusambandsins mið-  
vikudaginn 15. janúar sl.  
á vegum Starfsmennta-  
sjóðs verslunarinnar.

Þar voru kynntir möguleikar til samstarfs og fjármögnunar verk-  
efna á sviði starfsmenntunar, með  
áherslu á mannaskiptaverkefni.

Stefán S. Guðjónsson, formað-  
ur sjóðsins, setti fundinn og Þór-  
dís Eiríksdóttir frá Landskrifstofu  
Leonardó og Aðalheiður Jónsdóttir  
frá Mennt kynntu málefnið. Þar

á eftir sögðu Ólafur Reykdal,  
verkefnastjóri hjá Iðntæknistofnu-  
un, og Helgi Guðbjartsson, starfs-  
maður Heklu, frá ólíkrri en já-  
kvæðri reynslu sinni á Leonardó  
verkefnum.

Frekari upplýsingar um Leo-  
nardó gefur Aðalheiður Jónsdóttir  
hjá Mennt í síma 511 2660.

## NÝR ORLOFSVALKOSTUR

### Varmahlíð í Skagafirði

Varmahlíð í Skagafirði  
hefur til langs tíma verið  
einn þekktasti og fjöl-  
sóttasti áningastaður á  
leiðinni norður.

Þekktir sögustaðir í grennd-  
inni og innan við hálf tíma akstur  
er til Sauðárkróks svo eitthvað sé  
nefnt. VR hefur tekið á leigu tvö  
orlofshús fyrir félagsmenn og

verða þau í boði frá 1. mars n.k.  
Þetta eru hús af svipaðri stærð og  
orlofshús VR, gerð fyrir allt að  
átta manns og er heitur pottur á  
verönd. Í húsinu eru tvö svefn-  
herbergi niðri, svefnloft, búnaður  
er mjög sambærilegur við það  
sem gerist í húsum VR. Ekki er  
að efa að margir verða til að  
sækja um húsið í Varmahlíð því  
þar er gott að dvelja allan ársins  
hring.





# Gætir þú lifað af 26.640 kr. á mánuði?

Þeir sem veikjast og verða að vera frá vinnu í lengri tíma eiga flestir rétt á launum í 2 til 4 mánuði hjá vinnuveitanda. Eftir það fá þeir aðeins 26.640 kr. á mánuði frá Tryggingastofnun ríkisins ef þeir eru ekki með sérstaka sjúkdómatryggingu eða í stéttarfélagi með öflugan sjúkrasjóð.

26.640 kr. á mánuði duga skammt og það er nóg að þurfa að kljást við veikindi þó fjárhagsáhyggjur bætist ekki við. VR er traustur bakhjarl þegar í harðbakkann slær og tryggir félagsmönnum sínum 80% af föstum mánaðarlaunum í allt að 9 mánuði.

Starf okkar  
eflir  
þitt starf

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), eða í þjónustuveri VR í síma 510 1700.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

